Bryndís Zoëga
Guðmundur St. Sigurðarson
Guðný Zoëga

# Fornleifaskráning Blönduósbæjar III

## Fremstagil – Geitaskarð – Holtastaðir - Móberg



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2009/98

Forsíðumynd: Hlaðinn garður á Geitaskarði

**© Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga**
**Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki**
**2009/98**

# Efnisyfirlit

**EFNISYFIRLIT** ....... **I**
**INNGANGUR** ....... **1**
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA ....... 2
AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU ....... 3
HELSTU MINJAFLOKKAR ....... 3
**FREMSTAGIL – SÖGUÁGRIP** ....... **7**
FORNLEIFASKRÁNING ....... 9
**GEITASKARÐ – SÖGUÁGRIP** ....... **19**
FORNLEIFASKRÁNING ....... 21
ÞORBRANDSSTAÐIR ....... 31
BUÐLUNGANES ....... 37
**HOLTASTAÐIR – SÖGUÁGRIP** ....... **50**
FORNLEIFASKRÁNING ....... 52
HOLTASTAÐAKOT ....... 61
**MÓBERG – SÖGUÁGRIP** ....... **68**
FORNLEIFASKRÁNING ....... 70
**SAMANTEKT** ....... **81**
FORNLEIFAR Í LANDI FREMSTAGILS ....... 81
FORNLEIFAR Í LANDI GEITASKARÐS ....... 81
FORNLEIFAR Í LANDI HOLTASTAÐA ....... 83
FORNLEIFAR Í LANDI MÓBERGS ....... 83
MINJAR SEM ERU ÁHUGAVERÐAR TIL RANNSÓKNA ....... 84
**NIÐURLAG** ....... **85**
**HEIMILDASKRÁ** ....... **86**

# Inngangur

Sumarið 2009 fór fram skráning á fjórum jörðum í Blönduósbæ, fyrrum Engihlíðarhreppi. Var þetta þriðji og jafnframt síðasti áfangi fornleifaskráningar vegna aðalskipulags sveitarfélagsins en skráningarvinnan hófst 2007.

Jarðirnar sem skráðar voru eru eftirfarandi: Fremsta-Gil, Geitaskarð, Holtastaðir og Móberg. Með Móbergi var skráð jörðin Skriðuland sem er nýbýli. Þess ber að geta að jörðunum Geitaskarði og Holtastöðum fylgja einnig jarðirnar Tungubakki og Eyrarland í Laxárdal en þar sem þær jarðir voru áður sjálfstæðar jarðir voru þær ekki skráðar með heimajörðinni 2009.

Um var að ræða heildarskráningu þar sem skráðar eru allar fornleifar sem tengjast hverri jörð og nýtingu hennar; bæjarstæði og aðrar minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarhúsa, selja og hjáleigna ef einhverjar eru. Á þann hátt má öðlast yfirsýn yfir minjar sem heyrt hafa saman í tíma og rúmi þótt alltaf megi búast við því að töluverður fjöldi minja sé horfinn af náttúru eða mannavöldum.

Vettvangsvinna fór fram í júlí, ágúst, september og október 2009. Vettvangsvinnan var í höndum Guðmundur Stefán Sigurðarson fornleifafræðingur og Bryndís Zoëga landfræðingur sem einnig skrifaði skýrsluna. Um heimildavinnu sá Berglind Þorsteinsdóttir, fornleifafræðingur.

Sérstakar þakkir fá heimildamenn okkar: Ágúst Sigurðsson bóndi Geitaskarði, Holti Líndal bóndi Holtastöðum, Bylgja Angantýsdóttir og Halldór Einarsson ábúendur á Móbergi. Sigurður B. Sigurðsson ábúandi á Fremstagili.

## *Tilgangur fornleifaskráninga*

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

> [...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
>
> a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
> c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
> d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
> e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
> f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
> i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
>
> Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga, né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna

þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

## *Aðferð við skráningu*

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst auk þess sem þær eru mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær gamli bærinn á Geitaskarði númerið 1 (auðkennt Geitaskarð – 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem Staðhættir er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvrnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins. Til dæmis er kennitala fyrir bæjarstæði Geitaskarðs (Geitaskarð – 1) 11362.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, t.d. bústaður, fjárhús o.s.frv. Einnig hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. vegna jarðræktar eða landrofs. Segja má að allar minjar innan túns eða í nágrenni þess séu í einhverri hættu vegna ábúðar á jörðinni en þær eru þó einungis metnar í hættu þegar sérstök ástæða er til að ætla að þær kunni að verða fyrir hnjaski. Hættumat getur, af ýmsum ástæðum, breyst og því getur þurft að endurskoða það síðar. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vefslóðinni http://fornleifavernd.is/index.php?pid=161.

Minjarnar eru einnig mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Nákvæm staðsetning minja er gefin upp í töflu aftast í skýrslunni. Staðsetning minja er sett inn á hnitaðar loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í eigu sveitarfélagsins. Upplýsingarnar eru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum er skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins.

Endurgerð upprunalegra túnakorta og yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, lengd og breidd, hættumat og hættuorsök, auk þess er aldur minjanna gróflega áætlaður. Er þó rétt að hafa fyrir vara á slíku aldursmati nema þar sem áreiðanlegar heimildir fyrirfinnast. Aldur sem gefinn er upp í hnitatöflu er einungis til leiðbeiningar. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

## *Helstu minjaflokkar*

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna.

**Minjar í túni**

***Bæjarstæði***

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Bæjarhólar varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

***Kirkjur*** voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á ***alkirkjum***, höfuðkirkjum (beneficum) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á ***hálfkirkjum***, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á ***fjórðungs-*** og ***þriðjungskirkjum*** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

***Bænhús*** voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

***Grafreitir*** voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrndir. Ætlað hefur verið að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

**Aðrar minjar**

Stærsti minjaflokkurinn teljast útihús hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt svo engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er stundum ekki hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

**Minjar í eða við tún**

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

***Fjós*****:** Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

***Fjárhús*****:** Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við veggi. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.

***Hrútakofar*****:** Smærri kofar oft yst í túni.

***Lambhús*****:** Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

***Hesthús*****:** Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

***Smiðjur*****:** Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

***Kofar*****:** Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar.

***Brunnar*****:** Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala

frá bæ til brunns.
***Myllur***: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúnar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læki. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.
***Kvíar***: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

**Minjar utan túns**
Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

***Kuml/haugur/dys/kumlateigar***:Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Oft eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornmanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.
**Réttir:** Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabrúks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhald einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.
**Stekkir,** sem eru smáréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró, voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.
**Nátthagar:** Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ánna á daginn. Nátthaganna voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftar en ekki í næsta nágrenni.
**Sel:** Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17.-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.
**Stöðull:** Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.
**Beitarhús:** Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í

þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftar en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

**Smalakofar:** Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

**Heytóftir:** Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

**Fjárborgir:** Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

**Garðlög:** Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkja-garðar.

**Heyvinnsla:** Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

**Við sjó**

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kann þar að finna nokkuð fjölbreyttar minjar.

**Sjóhús/verbúðir:** sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

**Fiskbyrgi:** Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

**Hjallar:** Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuð upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

**Naust/hróf:** Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

**Uppsátur:** Þar lögðu menn upp bátum. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.

**Fiskgarðar:** Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

# Fremstagil – Söguágrip



***Mynd 1. Fremstagil í Langadal.***

Jörðin hét áður Syðstagil og er svo nefnd í eldri heimildum[1] en prestur nefnir hana Fremstagil 1839.[2]Fremstagils (þá Syðstagils) er fyrst getið 1405 í jarðakaupabréfi þeirra Jóns Ófeigssonar og Bjarna Einarssonar (Jórsalafara). Seldi Jón þá Birni meðal annars jörðina Syðstagil, ásamt fleiri jörðum í Langadal.[3] Næst er jarðarinnar getið í Testamentisbréfi ónafngreinds manns, er bóla gekk um land. Gaf hann ýmsum gjafir einkum klaustrinu á Reynistað og systrunum þar í þeirri von að fá að liggja í forkirkjunni á Reynistað. Gaf hann þá Holtastaðakirkju kúgildi á Syðstagili.[4]

Um Fremstagil segir í Húnaþingi: „Byggingar standa ofarlega í allbröttu túni. Bærinn er kenndur til gils, ekki mikils, skammt norðan bæjar. Jörðin er ekki landmikil, en graslendi frjótt og ræktunarmöguleikar sæmilegir. Um Fremstagil lækkar Langadalsfjall til norðurs. Hvassar klettabrúnir þess og hnjúkar jafnast þaðan út í ávalar bungur, og fikrar gróður.“[5]

### *Jarðamat*

Jörðin var að fornu og nýju metin á 20 hundruð.[6] Í sóknarlýsingu er jörðin sögð „Góð heyskapar- en létt hagajörð.“[7] Árið 1709 var landskuld 1 hundrað og var goldin með „tuttugu álna fóðri, átta álnum vaðmáls og hitt í landaurum.“ Leigukúgildi voru 5 en höfðu skömmu

---

[1] Jarðabók VIII, 405
[2] Sýslu- og sóknarlýsingar I, 109.
[3] DI: IX, 26.
[4] DI: IV, 483
[5] Húnaþing II, 148.
[6] Jarðabók VIII, 405. Jarðatal á Íslandi 1847, 242. Ný Jarðabók fyrir Ísland 1861, 91.
[7] Sýslu- og sóknarlýsingar I, 109.

áður verið 6. Leigan er borguð í smjöri. Á þeim tíma voru 4 kýr, kálfur, 54 ær, 10 sauðir veturgamli, 30 lömb, 3 hestar og 2 hross, annað fylfullt.[8]

[8] Jarðabók VIII, 405

## *Fornleifaskráning*

**Fremstagil -1**
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Gamli bærinn stóð austan við íbúðarhúsið.[9]
**Lýsing**
Búið er að rífa bæinn og hann horfinn.
**Aðrar upplýsingar**
Úttekt var gerð á Fremstagili 1909, samanstendur þá bærinn af: baðstofu, búri, eldhúsi, göngum sem að mestu hefur verið breytt í eldavélarhús síðan 1887 og skála.[10]

**Fremstagil -2**
**Hlutverk:** Fjós
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Sunnan við gamla bæinn var fjós, með 6 básum og göng lágu til heytóftar. Brunnhús var áfast að sunnan og rann bæjarlækurinn í gegnum það.[11]

**Fremstagil -3**


***Mynd 2. gamla tröðin liggur til norðurs út að Stóralæk.***

**Hlutverk:** Tröð
**Tegund:** Vegur
**Staðhættir**
Heimreiðargöturnar lágu upp Stóragil[12] og á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar má sjá heimreiðina liggja til norðurs frá hlaðinu.
**Lýsing**
Heimreiðargatan er enn greinileg í norðurátt frá bæjarstæðinu að Stóralæk, um 75m löng. Hún er um 160sm breið, niðurgrafin á kafla og hálffull af stórgrýti.
**Hættumat**
Gamla heimreiðin er beint framan við bæinn og gæti hæglega orðið fyrir raski vegna framkvæmda á svæðinu þar sem verið er að byggja upp ferðaþjónustufyrirtæki

---
[9] ÖSÁ:2.
[10] Úttektarbók Engihlíðarhrepps (1909), Fremstagil, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.
[11] ÖSÁ:2, Úttektarbók Engihlíðarhrepps (1909), Fremstagil, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.
[12] ÖSÁ:4.

**Fremstagil -4**
**Sérheiti:** Lambhús
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Lambhúsið var beint suður af bænum, sunnan bæjarlækjar. Þar var síðar steypt fjárhús og hlaða en bæði hafa verið rifin og ekkert sér eftir nema steyptur grunnur (yngra húss) á kafla.[13]
**Aðrar upplýsingar**
Samkvæmt heimildamanni, Sigurði B. Sigurðssyni ábúanda á Fremstagili fuku húsin.

**Fremstagil -5**
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Hesthús mun hafa staðið neðst á túninu.
**Lýsing**
Ummerki um hesthúsið fundust ekki við vettvangsrannsókn 2009 en punktur var tekinn af loftmynd þegar túnakort frá 1918 hafði verið lagt yfir hana. Bent skal á að skekkja getur því verið nokkur.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Bæjarlækurinn rann niður rétt fyrir norðan hesthús, sem byggt var á svonefndum Hesthúsvelli neðst á túninu.“[14]

**Fremstagil -6**
**Sérheiti:** Hólhús
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Hóll
**Staðhættir**
Um 75m nna af íbúðarhúsinu stóðu fjárhús.
**Lýsing**
Engin merki sáust um húsið í túninu en punktur var tekinn eftir hnitsettu túnakorti. Einhver skekkja getur því verið á punktinum.
**Aðrar upplýsingar.**
Í örnefnaskrá segir: „[...] efst á túninu, var fjárhús, nefnt Hólhús. Það stóð á dálitlum hól. Niður undan því var nefnt Hólhústún.“[15]

**Fremstagil -7**
**Sérheiti:** Réttarhús
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Dæld
**Staðhættir**
Um 90m beint norður af íbúðarhúsinu.
**Lýsing**
Engin merki sáust um húsinu í túninu en punktur var tekinn eftir hnitsettu túnakorti. Einhver skekkja getur því verið á punktinum.

---
[13] ÖSÁ:3.
[14] ÖSG:3.
[15] ÖSÁ:3.

**Aðrar upplýsingar**
Í úttekt frá 1909 segir „ [...] fjárhús yzt og efst á túni.“[16] Í örnefnaskrá segir: „Skammt fyrir norðan Hólhús var fjárhús nefnt Réttarhús. Rétt var byggð sunnan við það og voru kvíaærnar mjólkaðar í henni. Hætt var að færa frá á Fremstagili um síðustu aldamót, - eða etv. aðeins fyrr.“[17]

**Fremstagil -8**
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Heimild
**Lýsing**
Samkvæmt örnefnaskrá var rétt byggð við Réttarhúsin (nr.7) en hún er nú horfin og tóftin skráð með Réttarhúsunum.
**Aðrar upplýsingar**
Rétt var byggð sunnan við Réttarhús og kvíaærnar mjólkaðar í henni.[18]

**Fremstagil -9**
**Hlutverk:** Túngarður/Varnargarður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Um 80-100m norðaustur og austur af íbúðarhúsinu er hryggur í túninu, hugsanlega leifar varnargarðs (sem getið er í örnefnaskrá) eða túngarðs.
**Lýsing**
Hryggurinn er í túni og því grasi gróinn, hann er um 0,3-0,5m á hæð og er mesta greidd hans um 3m.
**Aðrar upplýsingar**
Efst í túninu mun hafa sést fyrir miklum garði og telur höfundur örnefnaskrár að það muni hafa verið vörslugarður.[19]

**Fremstagil -10**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá 1918 er hús beint framan (vestan) við bæinn.
**Lýsing**
Húsið stóð nálega þar sem íbúðarhúsið stendur í dag en er nú horfið.

**Fremstagil -11**
**Sérheiti:** Torfholt
**Hlutverk:** Torfþurrkun
**Tegund:** Holt
**Staðhættir**
Tæplega 700m ssa af íbúðarhúsinu á Fremstagili er holt, þurrt og gróið að hluta.
**Lýsing**
Umhverfis hefur verið mýri en hún hefur verið ræst fram með skurðum umhverfis hólinn. Nokkuð ljóst virðist af lýsingu í örnefnaskrá að þarna sé Torfholt það sem nefnt er í

---

[16] Úttektarbók Engihlíðarhrepps (1909), Fremstagil, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.
[17] ÖSÁ:3.
[18] ÖSÁ:3.
[19] ÖSÁ:4.

örnefnaskrám, ekki er getið um hlutverk en líklegt er að þar hafi torf verið þurrkað en þarna hefur hæsti þurri bletturinn verið.[20] Punktur var tekinn af loftmynd.

**Fremstagil -12**
**Hlutverk:** Túngarður?
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Ofan eða austan Torfholts þar sem gróðurskil verða milli lítt gróins holtsins og grasbrekkunnar ofan við, virðist vera garðlag. Erfitt er að átta sig á því hvort um náttúrulegt fyrirbrigði er að ræða eða manngerðan garð.
**Lýsing**
„Garðlagið" er um 30-60sm hátt og um 1,5m á breidd. Það er grasi gróið og alls um 100m á lengd.

**Fremstagil -13**
**Sérheiti:** Torflág
**Hlutverk:** Náma
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Tæplega 700m ssa af íbúðarhúsinu á Fremstagili er holt, þurrt og gróið að hluta.
**Lýsing**
Umhverfis holtið hefur verið mýri en hún hefur nú verið ræst fram með skurðum umhverfis hólinn. Samkvæmt örnefnaskrá mun Torflág hafa verið norður af Torfholtinu og bendir nafnið til þess að þar hafi verið stungið torf sem að líkindum hefur verið þurrkað á Torfholti.[21] Punktur var tekinn samkvæmt lýsingu í örnefnaskrá og getur því verið töluverð skekkja á honum.
**Aðrar upplýsingar**
Torfrista og stunga næg og reiðingsrista bjargleg.[22]




**Fremstagil -14**
**Sérheiti:** Stekkjarlaut
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 600m suðaustur af íbúðarhúsinu á Fremstagili er laut sem nefnd er Stekkjarlaut.[23] Í henni er stekkjartóft.
**Lýsing**
Tóftin er gróin en víða sést í grjóthleðslur. Hún er um 16x16m að utanmáli, hæð veggja er um 0,5-1,1m og breidd veggja um 1m. Tóftin er þrískipt en aðeins er eitt hlið greinilegt og snýr það mót suðvestri.

[20] ÖSÁ:4; ÖSG:1.
[21] ÖSÁ:4; ÖSG:1
[22] Jarðabók 8. bindi, 406.
[23] ÖSÁ:7; ÖSG:1.

**Fremstagil -15**
**Hlutverk:** Náma
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Syðst og vestast í Hryggjunum, norður af landamerkjum milli Geitaskarðs og Fremstagils, tæplega 900m suðaustur af bæjarhúsum á Fremstagili eru mógrafir.
**Lýsing**
Mógrafirnar er um 60-80sm á dýpt og í um 55x15m að stærð.

## Neðan þjóðvegar




**Fremstagil -16**
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
**Staðhættir**
Við suðurmerkin milli Fremstagils og Geitaskarðs, í suðvesturhorni Fremstagilslands, rúma 1,1km suður af bænum eru tvennar stekkjatóftir.
**Lýsing**
Syðri tóftin, sú sem er nær landamerkjunum er tvískipt, með krónna til suðausturs og réttina til norðvesturs. Tóftin er grasi gróin og hæð veggja frá 0,1-1m.

**Fremstagil -17**
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
**Staðhættir**
Við suðurmerkin milli Fremstagils og Geitaskarðs, í suðvesturhorni Fremstagilslands, rúma 1,1km suður af bænum eru tvennar stekkjatóftir.
**Lýsing**
Nyrðri tóftin, sú sem er fjær landamerkjunum liggur nálega norður/suður. Króin til suðurs en réttin til norðurs. Garðlag er austan við réttina til að auðvelda innrekstur. Tóftin er gróin, grasi, mosa og lyngi. Veggjahæð er frá 0,1-0,7m.

**Fremstagil -18**
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Steinlögn
**Staðhættir**
Á melunum í suðvesturhorni Fremstagils, við Blöndu, tæplega 100m norður af landamerkjum milli Geitaskarðs og Fremstagils. Og rúmlega 1,1km ssv af bæjarhúsum á Fremstagili er steinlögn.
**Lýsing**
Steinlögnin er nánast hringlaga, einföld um 10sm á hæð. Umhverfi hennar er gróið grasi, mosa og lyngi. Hlutverk er óþekkt en útlit minnir um margt á heiðna gröf en um það verður ekki fullyrt nema með frekari rannsókn.



*Mynd 3. Steinlögn á bökkum Blöndu. Horft er til suðurs.*

**Fremstagil -19**



*Mynd 4. Varða skráð.*

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Varða
**Staðhættir**
Á melunum í suðvesturhorni Fremstagils, við Blöndu, tæplega 100m norður af landamerkjum við Geitaskarð eru tvær vörður á sitt hvorum melhólnum.
**Lýsing**
Nyrðri varðan liggur á hólkolli og er vel greinanleg um 0,6-0,7m á hæð.

**Fremstagil -20**
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Varða
**Staðhættir**
Á melunum í suðvesturhorni Fremstagils, við Blöndu, tæplega 100m norður af landamerkjum við Geitaskarð eru tvær vörður á sitt hvorum melhólnum.
**Lýsing**
Syðri varðan stendur enn ágætlega um 0,4-0,5m á hæð.

**Fremstagil -21**



*Mynd 5. Landamerkjasteinn við Blöndu. Horft er eftir landamerkjum til norðvesturs.*

**Hlutverk:** Landamerki
**Tegund:** Steinn
**Staðhættir**
Á vestari hornmerkjum Fremstagils og Geitaskarðs, við Blöndu er stór steinn.
**Lýsing**
Í steininn eru letraðir stafirnir LM. Steinninn er einn af þremur steinum sem voru á landamerkjum Fremstagils og Geitaskarðs.[24]

**Fremstagil -22**
**Sérheiti:**
Hulduhólsbrekka/Harðeyrarbrekka.
**Hlutverk:** Álagablettur.
ÖSG:1).
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Harðeyri heitir eyrin sunnan við bæjarstæðið, að stórum hluta komin í tún. Ofan hennar er brekka og er hún einnig nefnd Huldufólksbrekka. Punktur var tekinn samkvæmt lýsingu í örnefnaskrá.
**Aðrar upplýsingar**
Brekkuna mátti aldrei slá.[25]

**Fremstagil –23**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Þúst
**Staðhættir**
Um 90m norðvestur af íbúðarhúsinu, ofarlega í túni er þúst.
**Lýsing**
Þústin er grasi gróin, 13x18m að utanmáli, þarna hefur að líkindum staðið eitthvert gripahús. Hæð um 20-40sm. Engin veggjalög eru greinanleg.

[24] Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1887). Skjal nr. 64.
[25] ÖSÁ:5.




**Fremstagil –24**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í Stóragili, sunnan lækjar, 290m suðvestur af bænum er tvískipt tóft, að líkindum stekkjartóft.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt og liggur nálega norður/suður. Hún er 4x8m að utanmáli og liggur norður undir brattri brekku sem einnig er suðurveggur hennar. Breidd veggja er um 2m og er tóftin gróin miklu grasi.

**Fremstagil -25**
**Hlutverk:** Mylla
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt örnefnaskrá var mylla við Stóralæk beint norður undan bænum.[26]
**Lýsing**
Ekki fundust leifar myllunnar við vettvangsskráningu 2009.
**Aðrar upplýsingar**
Mylluna byggði Erlendur Einarsson en hann bjó á Fremstagili í 33 ár.[27] Í úttekt frá 1909 segir „Mylnuhús með tilheyrandi (án kvarnar).“[28]
Punkturinn var tekinn eftir lýsingu í örnefnaskrá. Ekkert sást á yfirborði og því getur verið nokkur skekkja í mælingunni.

## Minjar sem eru horfnar eða fundust ekki við skráningu

**Fremstagil -26**
**Hlutverk:** Landamerki
**Tegund:** Heimild
**Lýsing**
Landamerkjasteinn sem stóð við Einbúa fannst ekki við skráningu 2009.
**Aðrar upplýsingar**
Norðan í Einbúa var stór landamerkjasteinn sem stóð á hlóðum með áletrunina LM. Var fjarlægður vegna vegagerðar.[29]

**Fremstagil -27**
**Hlutverk:** Landamerki
**Tegund:** Heimild
**Lýsing**
Samkvæmt landamerkjalýsingu frá 1887[30] var hlaðin torfvarða í mýrarhallanum austan við Einbúann. Varðan fannst ekki við skráningu 2009.

---

[26] ÖSÁ:3
[27] Sama heimild.
[28] Úttektarbók Engihlíðarhrepps (1909), Fremstagil, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.
[29] ÖSÁ:2,10; ÖSG:1.

**Fremstagil -28**
**Hlutverk:** Landamerki
**Tegund:** Heimild
**Lýsing**
Samkvæmt landamerkjalýsingu frá 1887[31] voru þrír steinar með áletruninni LM, sá þriðji á að vera í Hryggjunum. Hann fannst ekki við skráningu 2009.

**Fremstagil -29**
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Hesthús á að hafa staðið sunnan bæjarlækjar.
**Lýsing**
Ummerki um hesthúsið fundust ekki við vettvangsrannsókn 2009.
**Aðrar upplýsingar**
Samkvæmt jarðamati frá 1909 var hesthús fyrir sunnan læk.[32]

**Fremstagil -30**
**Sérheiti:** Þrælagerði/Gerði
**Hlutverk:** Garðlag
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt lýsingu í örnefnaskrá á að vera grasblettur nokkuð suður af bænum sem heitir Þrælagerði eða bara Gerði. Ekki er í örnefnaskránni getið um annað en örnefni þarna og engin mannvirki fundust við fornleifaskráningu 2009.[33]

**Fremstagil -31**
**Sérheiti:** Stekkjargil
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Heimild
**Lýsing**
Ekki fannst stekkur í nefndu Stekkjargili en samkvæmt örnefnaskrá breyttist Stekkjargil töluvert þegar nýr vegur var lagður eftir Langadal árið 1972.[34] Hugsanlegt er að stekkurinn hafi horfið við þá framkvæmd.

**Fremstagil -32**
**Sérheiti:** Huldusteinn/Stóristeinn/Kúasteinn
**Hlutverk:** Huldufólksbústaður
**Lýsing**
Huldusteinn var ekki skráður sumarið 2009.

---

[30] Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1887). Skjal nr. 64.
[31] Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1887). Skjal nr. 64.
[32] Úttektarbók Engihlíðarhrepps (1909), Fremstagil, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.
[33] ÖSÁ:4; ÖSG:1.
[34] ÖSÁ, 5-6.

**Fremstagil -33**
**Hlutverk:** Leið
**Staðhættir**
Engar greinilegar reiðgötur fundust á þessum slóðum en umferð þarna hefur breyst töluvert og þarna eru nú komin nú og vegslóðar umhverfis þau og meðfram ánni. Þó má benda á að greinileg reiðgata liggur sunnan landamerkja í landi Geitaskarðs og hefur framhald hennar að líkindum legið yfir í Fremstagilsland.
**Aðrar upplýsingar**
Áður en bílvegur var lagður, lágu göturnar fast með Blöndu að austan.[35]

[35] ÖSÁ:4.

# Geitaskarð – Söguágrip



***Mynd 6. Geitaskarð.***

Geitaskarð er fornt höfuðból. „Byggingar standa vestur undan Skarðsskarði og fara vel í umhverfi sínu, þar sem hæst ber Illveðurshnjúk norðan skarðsins. Til jarðarinnar teljast nú þrjú eyðibýli, Þorbrandsstaðir og Buðlunganes að norðan, og Tungubakki á Laxárdal.“[36] Í sóknarlýsingu frá 1839 segir prestur svo frá: „Reisulegasti bærinn er hér nú Geitaskarð. Stendur þar enn bygging etatsráðs Ísleifs heit. Einarssonar, sem bjó þar frá 1792 til 1800.“[37]

Jarðarinnar er fyrst getið í Hallfreðarsögu en þá bjó þar Gríss Sæmingsson.[38] Geitaskarðs er getið í Sturlungu en þangað reið Gissur Þorvaldsson til Gunnars Klængssonar þar sem hann tók til sín frillu Ingibjörgu Gunnarsdóttur „ok unni henni brátt mikit.“ Hún fór heim að Ási með Gissuri.[39]

Árið 1360 er fjórðungur úr Geitaskarði komin í eigu Holtastaðakirkju með þessum merkjum „j millum kambs þess er geingur af Holltastaða fialli. og vt ad selhvamme. og austur til ausugilz. og rekstur j skardz jord til hagbeytar. þar sem veigir liggia ädur“.[40]

Hálfkirkja var í Geitaskarði og er nefnd í Vísitazíugerð Jóns Hólabiskups Vilhjálmssonar frá 1432.[41] Árið 1405 kaupir Björn Einarsson hálft Geitaskarð af Jóni Ófeigssyni ásamt fleiri

---

[36] Húnaþing II, 147.
[37] Sýslu- og sóknarlýsingar I, 111.
[38] Hallfreðar saga, 138.
[39] Sturlunga I, 500-501.
[40] DI III, 170.

jörðum í Langadal, þ.á.m. hjáleiguna Buðlunganes (þar Bolunarness) sem þá kemur fyrst fyrir.[42] Árið 1445 er Geitaskarð selt ásamt, Ytra-Gili, Harrastöðum og Bakka fyrir jörðina Auðbrekku í Hörgárdal.[43]

**Jarðamat**

Geitaskarð var að fornu metin á 80 hundruð og var henni skipt í tvær jarðir; Geitaskarð og Þorbrandsstaði og voru hinir síðarnefndu um fjórðungur af allri jörðinni, metnir á 20 hundruð.[44]

**Hjáleigur**

***Buðlunganes*** er fornbýli í landi Geitaskarðs. Býlisins er fyrst getið árið 1405 eins og getið er hér að framan og virðist vera komið í eyði fyrir 1703 en það kemur ekki fyrir í manntali og þess er ekki getið í jarðabók Árna og Páls.

Um ***Þorbrandsstaði*** segir í jarðabók að bærinn standi í úthöfum og sé fjórðungur allrar jarðarinnar.[45] Jörðin var í byggð fram til 1913 og voru þá lagðir undir Geitaskarð.[46]

**Selstaða**

Jörðin átti selstöðu í Núpslandi á Laxárdal.[47] Snemma er getið um sel frá Geitaskarði en í Hallfreðarsögu segir af seli á Laxárdal og munu hafa verið fleiri sel á dalnum.[48] Haft var í seli a.m.k. fram á miðja 19. öld og í sóknarlýsingum segir að selstaðan hafi verið frá fráfærum til 18. viku sumars.[49]

---

[41] DI IV, 514.
[42] DI IX, 26.
[43] DI IV, 664.
[44] Jarðatal á Íslandi 1847, 242, Jarðabók VIII, 404.
[45] Jarðabók VIII, 405.
[46] ÖS, 2.
[47] Jarðabók VIII, 404.
[48] Hallfreðar saga, 169.
[49] Sýslu- og sóknarlýsingar I, 110.



***Mynd 7. Geitaskarð eftir 1940. Myndin er birt hér með leyfi Héraðsskjalasafns Skagfirðinga. Ljósmynd: Páll Jónsson.***

**Geitaskarð-1**
Hlutverk: Híbýli
Tegund: Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni Ágústi Sigurðssyni bónda á Geitaskarði stóð gamli torf bærinn ofan við íbúðarhúsið og nokkru sunnar. Búið er að rífa hann og árið 1912 var steinhús byggt á Geitaskarði.

**Geitaskarð-2**
**Hlutverk:** Kirkja
**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni er talið að kirkjan hafi staðið þar sem steinsteypt smiðja stendur, beint norður af íbúðarhúsinu. Kirkjan er horfin en staðsetning virðist sennileg miðað við fund mannabeina sem kom upp við framkvæmdir framan (norðvestan) smiðjunnar.
**Aðrar upplýsingar**
Hálfkirkja var í Geitaskarði og er nefnd í Vísitazíugerð Jóns Hólabiskups Vilhjálmssonar frá 1432.[50] Einnig segir í jarðabók Árna og Páls: „Hálfkirkja var 1705 og tíðir veittar þegar heimamenn voru til altaris og sagt að svo hafði verið frá „gamallri tíð" (JÁM VIII, 403).



*Mynd 8. Á myndinni, þar sem bílarnir standa, komu upp bein fyrir fáeinum árum. Lengst til vinstri sér í smiðjuna þar sem talið er að bænhúsið hafi staðið.*

**Geitaskarð-3**
**Hlutverk:** Kirkjugarður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni komu mannabein upp við framkvæmdir á bílaplani norður af bænum fyrir um 14-16 árum [skráning gerð 2009].
**Hættumat**
Þó kirkjugarðurinn sé neðan jarðar getur honum stafað hætta af frekari framkvæmdum og jarð-raski í og við bílaplanið.

**Geitaskarð-4**
**Hlutverk:** Tröð
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá 1918 sést að gamla tröðin hefur legið nálega á sama stað og heimreiðin gerir í dag.

**Geitaskarð-5**
**Hlutverk:** Fjós
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Þar sem fjósið stendur nú, sunnan við bæjarlækinn, um 50m suðaustur af íbúðarhúsinu voru fjárhús, fjós og hesthús úr torfi og grjóti með járnvörðu þaki.[51] Samkvæmt heimildamanni voru þetta talsvert miklar byggingar en þær eru nú alveg horfnar.

**Geitaskarð-6**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Garðlag

---
[50] DI IV, 514.
[51] ÖS:7.

**Staðhættir**
Norðan við bæjarlækinn, milli bæjar (nr. 1) og útihúsanna (nr. 5,7,8) var matjurtagarður.
**Lýsing**
Matjurtagarðurinn liggur nú inni í garði en enn sjást grjóthlaðnir veggir, bæði að austan og vestan og smá bútur að norðan. Breidd veggja er mest um 60sm og eru þeir allt frá 20sm – 130sm háir.
**Aðrar upplýsingar**
„Norðan lækjarins, gegnt gripahúsunum, er matjurtagarður allstór.“[52]

**Geitaskarð-7**
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Þar sem fjósið stendur nú, sunnan við bæjarlækinn, um 50m suðaustur af íbúðarhúsinu voru fjós, fjárhús og hesthús úr torfi og grjóti með járnvörðu þaki.[53] Engin merki þeirra sjást lengur.

**Geitaskarð-8**
Hlutverk: Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Þar sem fjósið stendur nú sunnan við bæjarlækinn, um 50m suðaustur af íbúðarhúsinu voru fjós, fjárhús og hesthús úr torfi og grjóti með járnvörðu þaki.[54]

**Geitaskarð-9**
**Sérheiti:** Hólhús
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tæplega 90m norðaustur af íbúðarhúsinu stóðu fjárhús með hlöðu.
**Lýsing**
Það sem eftir stendur af fjárhúsunum er hluti tóftar, grasi gróinnar. Svo virðist sem bæjarlækurinn hafi brotið hluta hennar af. Veggjahæð er um 40sm.


***Mynd 9. Leifar Hólhúsanna. Horft er til vesturs.***

Norðvestan við hana sést í óljósar brúnir sem eru a.m.k að hluta til grjóthlaðnar. Á lækjarbrúninni við tóftina er grjóthlaðinn garður sem samkvæmt heimildamanni eru það leifar hlöðunnar sem stóðu við húsin.

52 Sama heimild.
53 Sama heimild.
54 Sama heimild.

**Hættumat**
Tóftunum stafar hætta vegna nálægðar við bæjarlæk.
**Aðrar upplýsingar**
„Ofar í túninu, upp undan íbúðarhúsinu, á ytri gilbarmi, stendur fjárhús og hlaða. Húsið rúmar 90 kindur og hlaðan ca. 280 hestb.“ Húsin og hlaðan eru hlaðin úr torfi- og grjóti en þök járnvarin[55].


*Mynd 10. Grunnur fjárhúsanna, horft er til norðvesturs.*

**Geitaskarð-10**
**Sérheiti: Grindarhús**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Grunnur
**Staðhættir**
Gegnt Hólhúsunum, sunnan bæjarlækjar er grunnur útihúss.
**Lýsing**
Það sem eftir sést af fjárhúsunum er húsgrunnur og sér í grjóthleðslur í kanti. Grunnurinn er um 6x10m að utanmáli.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Sunnan gilsins, gegnt Hólhúsum eða litlu austar, standa önnur fjárhús með hlöðu. Húsin rúma 110 kindur, en hlaðan liðlega 300 hestburði. Bæði þessi hús ásamt hlöðum eru úr torfi og grjóti, en þök járnvarin.“[56]

**Geitaskarð-11**
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Tæplega 140m norðaustur af íbúðarhúsinu, norðan bæjarlækjar er rétt og sunnan hennar matjurtagarður.
**Lýsing**
Réttin snýr nálega norðaustur/suðvestur, 10x13m að utanmáli og er hlið mót suðvestri þar sem veggur er nokkuð hrunin. Hún er hlaðin úr grjóti en kantur er upp í brekkuna til austurs. Hæð veggja er um 0,2-1,2m.


*Mynd 11. Grjóthlaðin rétt. Horft er til suðurs.*

---
[55] ÖS: 7.
[56] ÖS: 7.




**Geitaskarð-12**
**Sérheiti:** Réttargarður
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Sunnan við réttina (nr. 11) eru leifar matjurtagarðs, áfastar réttinni.
**Lýsing**
Vegghleðslur eru töluvert rofnar um 10-40sm háar og fremur óljósar að innan.

**Geitaskarð-13**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá 1918 má sjá útihús um 80m nna af íbúðarhúsinu.
**Lýsing**
Ekki þekktu ábúendur til þessa húss og engin merki þess sáust í túninu. Hnit voru tekin eftir hnitsettri loftmynd og ber því að hafa í huga að einhver skekkja getur verið á þeim.

**Geitaskarð-14**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Hryggur
**Staðhættir**
Meðfram túninu að norðan, er hryggur, að líkindum leifar túngarðs.
**Lýsing**
Hann er um 40sm hár og mesta breidd er um 2m. Hann er illgreinanlegur á hluta og á hluta hans liggur girðing.
**Hættumat**
Garðinum stafar hætta ef einhverjar framkvæmdir verða vegna girðinga.



***Mynd 12. Horft er til austurs eftir túngarðinum í átt að fjárhúsunum.***

**Geitaskarð-15**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Fjárhús voru við túnjaðarinn að austan um 140m suðaustur af íbúðarhúsinu.
**Lýsing**
Húsin eru horfin og ekki sjást nein merki þeirra í sléttu túni. Punktur var tekinn samkvæmt ábendingu heimildarmanns. Þau eru sýnd á túnakorti frá 1918 og þegar það er lagt yfir loftmynd þá passar staðsetning nokkuð vel. Þó ber að geta þess að einhver skekkja getur verið á punktinum.

**Geitaskarð-16**
Hlutverk: Hesthús
Tegund: Heimild
**Staðhættir**
Syðst í svonefndu Suðurtúni stóðu hesthús samkvæmt heimildamanni. Hesthúsin stóðu um 220m suðaustur af íbúðarhúsinu en eru nú komin undir tún og samkvæmt heimildamanni er nýbúið að hreinsa grjótið úr túninu. Ekkert sér eftir af húsunum og voru þau rifin fyrir 1966. Punktur var tekinn samkvæmt ábendingu heimildamanns.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Syðst í því [Suðurtúninu] stendur hesthús úr torfi og grjóti, er rúmar 18 hross.“[57].

**Geitaskarð-17**
**Sérheiti:** Gerðishús
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Dæld
**Staðhættir**
Nyrst í gamla túninu um 320m norðvestur af íbúðarhúsinu eru leifar fjárhúsa,.
**Lýsing**
Ekkert sést eftir af húsunum nema illgreinanleg dæld í túnið um 8x10m að utanmáli.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir að yst á svonefndu Gerðistúni hafi staðið fjárhús sem hétu Gerðishús og þess getið að búið sé að jafna þau við jörðu.[58]

**Geitaskarð-18**
**Sérheiti:** Syðrihús
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Um 140m sunnan við Gerðishúsin voru önnur fjárhús, nefnd Syðrihús.
**Lýsing**
Fjárhúsin eru nú komin undir tún en upp við túngirðinguna eru tvær samsíða dældir grasi grónar sem liggja að hluta undir girðingu. Þær eru um 10sm djúpar. Sennilegt er að þarna séu leifar fjárhúsanna.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir að Syðrihús hafi verið nokkuð sunnan Gerðishúsa.[59]

---
[57] ÖS: 7.
[58] ÖS: 8.
[59] Sama heimild.

**Geitaskarð-19**
**Hlutverk:** Óþekkt, rétt?
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Norður eða norðvestur af Syðrihúsum (nr. 18) er hringlaga garðlag.
**Lýsing**
Garðlagið er um 17m að þvermáli og veggir um 10-50sm á hæð og brúnir ávalar. Það er í túni og því grasi gróið.

**Geitaskarð-20**
**Hlutverk:** Jarðræktarsvæði
**Tegund:** Beðasléttur
**Staðhættir**
Beðasléttur eru í Norðurtúni, á milli bæjarins og þjóðvegar.
**Lýsing**
Beðasléttunar sjást á þremur stöðum í túninu eins og sjá má á yfirlitskorti sem fylgir aftast í skýrslu.



*Mynd 13. Beðasléttur, neðst í Norðurtúni. Horft er til suðurs.*

**Geitaskarð-21**
**Sérheiti:** Torfholt
**Hlutverk:** Torfþurrkunarstaður
**Staðhættir**
Torfholt liggur syðst í landi Geitaskarðs, skammt norðan merkja milli Geitaskarðs og Holtastaða, rétt ofan þjóðvegar.
**Lýsing**
Engar minjar sjást á holtinu og liggur nú vegslóði eftir því.
**Aðrar upplýsingar**
„Á Torfholt hefir verið flutt til þerris heytorf, sem skorið hefir verið í mýri norður af því , og er nafnið þannig til komið.“[60] Torfrista og stunga sögð næg 1705.[61]

---
[60] ÖS: 9.
[61] Jarðabók 8. bindi, 404.

**Geitaskarð-22**
**Sérheiti:** Stekkur
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Sunnan Skarðslækjar, suðaustur af svonefndri Fosskotslaut, tæplega 800m frá bænum upp með læknum.
**Lýsing**
Réttin er að mestu grjóthlaðin, ferhyrnd með reglulega veggi en smá hrun er á köflum. Hugsanlegt er að hún sé byggð á eldri minjum.
**Aðrar upplýsingar**



***Mynd 14. Grjóthlaðin rétt norðan Skarðslækjar. Horft er til suðurs.***

„Rétt sunnan Skarðslækjar, skammt suðaustur af Fosskotslaut, eru rústir gamallar fjárréttar. Þar heitir Stekkur.“[62]

[62] ÖS:9.




**Geitaskarð-23**
**Sérheiti:** Fosskot?
**Hlutverk:** Óþekkt, rétt?
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Beint norðaustur af réttinni (nr. 22) virðast vera veggjalög, afar óljós og gætu verið náttúruleg jarðmyndun.
**Lýsing**
Tóftin liggur upp við bakka sem gegnir hluta veggja hennar. Hæð veggja er um 30-60sm og eru þeir algrónir. Nokkuð sérkennilegt lag er á tóftinni og er líklegt að einhverjir hlutar hennar séu horfnir vegna jarðvegsrofs.

**Geitaskarð-24**
**Sérheiti:** Fosskot?
**Hlutverk:** Stekkur, rétt?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Norður af réttinni er önnur fremur óljós tóft.
**Lýsing**
Hún liggur norðaustur/suðvestur og er náttúrulegur bakki norðausturveggur hennar. Tóftin er grasi gróin og er mesta hæð veggja um 60sm. Suðausturveggur er á kafla mjög lágur og ógreinilegur um 1m breiður og 10sm hár, gæti verið innbrún veggjar sem er að öðru leyti horfinn. Einna líklegast er að hlið/dyr hafi verið á suðausturvegg.

**Geitaskarð-25**
**Sérheiti:** Fosskot?
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Norðaustan við tóftirnar (nr. 22-24) er garðlag og áföst austan þess er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er í heild 15x5m að utanmáli og virðist tvískipt. Hún liggur norðvestur/suðaustur og eru dyr/hlið á báðum skammhliðum. Tóftin er illgreinanleg, grasi gróin og samlagast vel umhverfi sínu. Veggjahæð er um 20-50sm.

**Geitaskarð-26**
**Sérheiti:** Fosskot?
**Hlutverk:** Túngarður, leiðigarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Norðaustan við tóftirnar (nr. 22-14) er garðlag og austan við það er tóft.
**Lýsing**
Garðlagið er um 40m langt og liggur samsíða tóftinni (nr. 25), norðvestur/suðaustur. Veggurinn er vel greinilegur og er veggja hæð um 10-80sm.


***Mynd 15. Nýlega hlaðin varða er til hægri á mynd en steinlögnin út frá henni til vinstri. Horft er til suðvesturs.***

**Geitaskarð-27**
**Hlutverk:**
Óþekkt, smalakofi?
**Tegund:** Steinalögn
**Staðhættir**
Rúma 150m norðaustur af tóftum (nr. 22-26), á lítt grónum mel, sem nefnist Stekkjarmelur er steinlögn og við hana nýlega hlaðin varða beint norðan við.
**Lýsing**
Steinlögnin er 2,5x2m að utanmáli og steinum raðað í hring og umhverfis er gróið, grasi, mosa og lyngi. Hæð er um 20sm.
**Hættumat**
Hætta er vegna rasks, en þegar hefur verið tekið grjót úr hleðslunni.

**Geitaskarð-28**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Staðhættir**
Gata liggur frá Geitaskarði til norðausturs og yfir í Laxárdal.
**Lýsing**
Gatan sést liggja í norðaustur átt upp túnið ofan við bæinn og leiðin er mjög greinileg upp frá „Fosskoti“ og yfir í Laxárdal og er þetta nú stikuð gönguleið. Frá „Fosskoti“ var leiðin hnitsett eftir loftmynd.

**Aðrar upplýsingar**
„Milli smiðjunnar og matjurtagarðsins er gata eða stígur, er liggur austur túnið og til fjalls á norðari barmi Skarðslækjargilsins, upp í Skarðið og austur það. Gata þessi var hreppavegur, þá Engihlíðarhreppshluti Laxárdals var í byggð, og fjölfarin þá nokkuð.“[63]

## *Þorbrandsstaðir*



***Mynd 16. Horft er yfir hólótt bæjarstæðið á Þorbrandsstöðum og sést túngarðurinn greinilega. Bæjarhólinn trónir grænn á kollinum syðst (lengst til vinstri) innan túnsins. Í baksýn er Buðlunganes, Buðlunganestjörn til hægri en býlið Buðlunganes leynist bak við hólana lengst til vinstri á myndinni. Horft er til norðvesturs.***

Þorbrandsstaðir voru hjáleiga frá Geitaskarði. Hennar er getið í jarðabók frá 18. öld.

„Land þess [Þorbrandsstaða] liggur austan þjóðvegar (Norðlingabrautar). Að norðan takmarkast það af línu, dreginni úr Hlóðarsteini norðan í Einbúahól til austurs í mitt Kolluberg, og þaðan í austur, svo sem vötn draga. Að sunnan eru merkin við línu, sem hugsast dregin úr norðurbrún Móholt. Þaðan beint í austur til jafnlengdar við norðurtakmörkin. Þorbrandsstaðir fóru í eyði og voru lagðir undir Geitaskarð árið 1913.“[64]

Bæjarhólinn er austur af sumarhúsi sem stendur innan gamla Þorbrandsstaðatúnsins. Bærinn stóð á hæð og liggur túnið niður brekkur til suðvesturs. Mikill gróður er innan gamla túnsins og erfitt að greina minjarnar sem þar eru. Bæjarlækurinn sker túnið í tvennt og eru minjar beggja vegna hans.

[63] ÖS:7.
[64] ÖS: 2.




**Geitaskarð-29**
**Sérheiti:** Þorbrandsstaðir
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Tóftir
**Staðhættir**
Bæjarhólinn er austur af sumarhúsi sem stendur innan gamla Þorbrandsstaðatúnsins. Hann er hár og brattur og stendur sunnarlega í túninu.
**Lýsing**
Bærinn stóð fremst á hólnum, en sést nú illa vegna gróðurs. Bæjarhúsin hafa verið um 20x22m að utanmáli.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Bæjarhús ásamt fjós- og hesthúskofa hafa staðið á Bæjarhól, sem er hár og brattur, syðst og efst í túni. Nyrzt í túninu, beint gegn Bæjarhól, á hólflöt allstórri, er heitir Húsaflöt, eru fjárhúsarústir.“[65]

**Geitaskarð-30**
**Hlutverk:** Fjós, hesthús
Tegund: Tóft
**Staðhættir**
Norðaustan við bæjartóftina er tvískipt tóft.
**Lýsing**
Líklegast er þar fjós og hesthús sem getið er um í örnefnaskrá (bls. 4). Tóftin sést illa vegna mikils gróðurs sem er innan túnsins en hún virðist tvískipt með dyr mót norðvestri. Hæð veggja er um 0,6-0,8m.

[65] ÖS: 4.

**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Bæjarhús ásamt fjós- og hesthúskofa hafa staðið á Bæjarhól, sem er hár og brattur, syðst og efst í túni.“[66]

**Geitaskarð-31**
**Sérheiti:** Húsaflöt
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Norðarlega í túninu, á svonefndri Húsaflöt, norður af bæjartóftinni eru tóftir fjárhúsa.
**Lýsing**
Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og virðist vera af tvístæðum fjárhúsum með hlöðu mót norðaustri. Dyr hafa snúið mót suðvestri og er garði að minnsta kosti í nyrðra húsinu. Tóftin er mjög sokkin í gras. Grjót er í vegghleðslum en sést ekki sökum gróðurs.
**Aðrar upplýsingar**
Nyrzt í túninu, beint gegn Bæjarhól, á hólflöt allstórri, er heitir Húsaflöt, eru fjárhúsarústir.“[67]

**Geitaskarð-32**
**Sérheiti:** Gerði
**Hlutverk:** Útihús/Hesthús
**Staðhættir**
Rúmlega 50m suðvestur af bæjartóftunum, utan túngarðs.
**Lýsing**
Tóftin liggur nálega austur/vestur og er um 10x13m að utanmáli. Hugsanlega tvístæð fjárhús með hlöðu. Garði virðist vera í húsunum a.m.k. til vesturs. Þau voru illgreinanleg vegna mikils gróðurs. Veggjahæð er 0,1-0,4m.
**Aðrar upplýsingar**
„Skammt sunnan Bæjarhóls er hólkúpa eða ávali, sem heitir Gerði. þar eru rústir peningshúsa, er sýnilega eru fallin fyrir allmiklu lengra síðan en önnur mannvirki. Ekki ólíklegt, að þar hafi staðið hesthús.“[68]

---

[66] ÖS: 4.
[67] Sama heimild.
[68] Sama heimild.

**Geitaskarð-33**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Túngarður liggur nálega hringinn í kringum gamla túnið á Þorbrandsstöðum.
**Lýsing**
Hluti hans var skráður á vettvangi þar sem hann var greinilegur, norðan, austan og sunnan og suðaustan. Garðurinn sást annars illa mót norðvestri en hann má greina á loftmynd. Nyrst í túninu, norðan Húsaflatar er garðurinn tvöfaldur. Túngarðurinn er eins og aðrar minjar á svæðinu sokkinn í gróður. Að norðan er mesta breidd veggja er um 2m þar sem hann er hruninn og hæð um 0,3-0,4m. Hann er nokkuð hærri til austurs um 0,5-1,2m að hæð en um 1,5m að breidd.


*Mynd 17. Garðlag er fyrir miðri mynd og annað sem kemur niður brekkuna, við girðinguna. Horft er til norðvesturs.*

**Geitaskarð-34**
**Hlutverk:** Túngarður/Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Nyrst í túninu, norðan Húsaflatar er túngarðurinn tvöfaldur.
**Lýsing**
Grasi gróinn garður liggur í boga norðan við fjárhúsið á Húsaflöt, hann er alls um 70m langur og 2m á breidd. Hæð veggja er um 30-80sm.


*Mynd 18. Á myndinni sést skrásetjari ganga eftir garðlaginu sem er að hluta undir girðingu. Fyrir miðri mynd sést svo garðlagið halda áfram niður brekkuna og þvergarðurinn þar sem hann nær að garðinum. Horft er til suðvesturs.*

**Geitaskarð-35**
**Hlutverk:** Túngarður/Landamerkjagarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Garðlag er sunnan og suðaustan túnsins á Þorbrandsstöðum. Það liggur í framhaldi af túngarðinum en útlit þess bendir þó til þess að það sé nokkuð eldra og auk þess nær það nokkuð niður fyrir túnið. Hugsanlegt er að það sé gamall landamerkjagarður milli Þorbrandsstaða og Geitaskarðs.
**Lýsing**
Garðlagið er gróið, um 1,7m á breidd og 10-40sm hátt. Hann

er alls um 165m á lengd en neðan þvergarðsins (sjá kort) er hann óljósari og rofnari en ofar í brekkunni.

**Geitaskarð-36**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hóll
**Staðhættir**
Túngarður liggur nálega hringinn í kringum gamla túnið á Þorbrandsstöðum. Nyrst í túninu á milli túngarðsins þar sem hann er tvöfaldur er hóll, 7x6m að utanmáli, gróinn dökkgrænu grasi og sker sig nokkuð úr umhverfi.
**Lýsing**
Útlit hólsins bendir til þess að á honum hafi staðið eitthver mannvirki en engin veggjalög voru þó sjáanleg.

**Geitaskarð-37**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 20m vestur af fjárhústóftinni á Húsaflöt er önnur tóft, minni.
**Lýsing**
Tóftin er illgreinanleg, sokkin í gróður. Hún er 3x6m að utanmáli, liggur norðaustur/suðvestur en sá möguleiki er að umfang hennar sé meira þó það hafi ekki verið greinanlegt á vettvangi. Hæð veggja er um 0,1m og engar dyr sjáanlegar.

**Geitaskarð-38**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Túngarður liggur nálega hringinn í kringum gamla túnið á Þorbrandsstöðum. Við austurhlið garðsins þar sem hann beygir til suðvesturs er tóft byggð utan í hann.
**Lýsing**
Hún virðist jarðsokknari og eldri en minjarnar á og við bæjarhólinn, grasi gróin og er veggja hæð um 0,3-0,5m.

**Geitaskarð-39**
**Hlutverk:** Steinlögn
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Rúmlega 15m norðaustur af bæjarhólnum er steinlögn.
**Lýsing**
Steinlögnin er sporöskjulaga, horn, rúnnuð. Hæð hleðslunnar er um 0,1-0,2m og er hún gróin grasi mosa og ljónslöpp.


***Mynd 19. Steinlögnin er greinileg manngerð en hlutverk óljóst. Mikill gróður er umhverfis eins og annarsstaðar í kringum Þorbrandsstaði.***

**Geitaskarð-40**
**Hlutverk:** Óþekkt, mókofi?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í hallanum suðvestur af túninu á Þorbrandsstöðum er tóft og mógrafir umhverfis hana.
**Lýsing**
Tóftin er nálega hringlaga, vel greinanleg og opin mót suðaustri. Hún er grasi gróin og er veggjahæð um 0,1-0,3m.




**Geitaskarð-41**
**Hlutverk:** Óþekkt, rétt?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 140m suðvestur (niður) af bæjarhólnum er tóft, utan garðs.
**Lýsing**
Tóftin er nálega ferhyrnd, hugsanlega rétt eða einhverskonar gripheldi. Tóftin er grasi gróin og eru veggir um 30-60sm háir.

**Geitaskarð-42**
**Hlutverk:** Mógrafir
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Suðvestur af Þorbrandsstaðatúninu eru mógrafir.
**Lýsing**
Svæðið er alls um 75x70m að ummáli og eru grafirnar um 20-40sm djúpar.

## *Buðlunganes*




Buðlunganes var hjáleiga frá Geitaskarði og er landamerkjum þess lýst svo í örnefnaskrá: „Land þess liggur vestan þjóðvegar, gegnt Þorbrandsstöðum. Um landamerki milli þessara jarða er engin örugg heimild til, en að líkum hafa þau verið um það bil, er þjóðvegurinn liggur nú. Að vestan ræður Blanda merkjum. Að norðan ræður líka, dregin af Blöndubakka syðst á Harðeyri til austurs í áðurnefndan Hlóðarstein. Að sunnan eru merkin úr svonefndum Mólækjarós, þar sem Mólækur fellur í Blöndu, og beina línu í austur í norðurbrún Móhólts. Á Buðlunganesi mun ekki hafa verið búið, síðan um miðja 17. öld, og hafði ábúandi Þorbrandsstaða, þá þar var búið, flestar nytjar beggja jarða.“[69]

Býlið liggur framarlega á Buðlunganesi og nær túngarður alveg niður að Blöndu. Sunnan við býlið og syðst á nesinu eru nú tún og er líklegt að einhver hluti minjanna sé komin undir þau. Í örnefnaskrá er sagt að búið hafi verið á Buðlunganesi fram á miðja 17. öld. Ekki fundust heimildir um hversu lengi býlið var í ábúð  en þess er ekki getið í jarðabók Árna og Páls en þar er hefð fyrir því að geta eyðibýla í landi jarðanna.

Sigurður Þorbjarnar, höfundur örnefnaskrár lýsir bæjarstæðinu svo: „Á Nestánni vestast sést glöggt móta fyrir túnstæði og tóftum bæjar- og peningshúsa Buðlunganess. Tóftirnar eru allfyrirferðarmiklar og bera þess vott, að um mikinn húsakost hafi verið að ræða. Túnið hefir verið allstórt, girt allt vallargarði, víðast hlöðnum úr torfi, en með köflum úr torfi og grjóti. Leifar þessa garðs segja manni ótvírætt, að þar hafi verið geysimannvirki, svo há og breið er rúst hans.“[70]. Í dag er túngarður greinilegur í vestur hluta túnsins og austan hans þrennar tóftir. Þar austan við er svo tún og norðan þess eru fleiri minjar, tóftir og mógrafir sem liggja á milli melhóla sem eru á nesinu.

[69] ÖS: 2.
[70] ÖS: 3.



*Mynd 20. Grasi gróin tóft, bæjarhólinn? á Buðlunganesi við túnjaðarinn. Horft er til suðausturs.*

**Geitaskarð-43**
**Sérheiti:** Buðlunganes
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Túngarður er greinilegur vestur af túninu og um 140m austur af honum er tóft, sem hugsanlega er bæjartóft.
**Lýsing**
Tóftin er aflöng, liggur norðvestur/suðaustur og er um 22x8m að utanmáli, hæð veggja er um 0,4-0,7m. Hún er fjórskipt og eru þrennar dyr mót norðaustri. Nyrsta hólfið gæti verið heytóft. Tóftin er algróin grasi.
**Aðrar upplýsingar**
Á Nestánni sést glögglega fyrir bæjar- og peningshúsum Buðlunganess og eru tóftirnar fyrirferðamiklar. Tóftarbrotin sjást vítt um dalinn beggja vegna við.[71]

**Geitaskarð-44**
**Sérheiti:** Buðlunganes
**Hlutverk:** Óþekkt, útihús?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Norðvestur af bæjartóftinni (nr. 43) er önnur tóft sem liggur norðvestur/suðaustur.

---
[71] ÖS:2,3.

**Lýsing**
Tóftin er tvískipt með dyr mót norðaustri á stærra hólfi en mót norðvestri á minna hólfi. Hún er alls um 17m löng og 8m breið. Tóftin er algróin og hvergi sér í grjót í veggjum sem eru jarðsokknir og að mestu hlaupnir í þúfur. Þeir eru um 20-30sm á hæð. Hlutverk er óþekkt en líklega hefur verið þarna eitthvert gripahús.

**Geitaskarð-45**
**Sérheiti:** Buðlunganes
**Hlutverk:** Óþekkt, útihús?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 50m austur af túngarðinum (nr. 46) er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er jarðsokkin, útlínur óskýrar og eru veggir mikið hrundir. Hún er aflöng, snýr norðvestur/suðaustur og er um 22x8m að utanmáli, veggir eru hæstir um 20sm. Engar dyr eru greinanlegar á tóftinni sem er algróin grasi og hvergi sér í grjót.


***Mynd 21. Túngarðurinn á Buðlunganesi, horft er í átt til Blöndu til vesturs.***

**Geitaskarð-46**
**Sérheiti:** Buðlunganes
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Aðeins hluti gamla túngarðsins er enn sjáanlegur og liggur hann austur af túninu.
**Lýsing**
Garðlagið er greinilegt á um 70m kafla frá Blöndubökkum til norðurs. Þar heldur það hugsanlega áfram á um 120m kafla til austurs en það er afar óljóst og gæti verið náttúruleg jarðmyndun. Garðurinn er rofinn um 20-40sm hr og mesta breidd er um 2m en þar er hann hruninn. Garðurinn er vel gróinn, grasi, mosa og lyngi.
**Hættumat**
Minjunum stafar hætta af nálægð við vatnsfall.

**Geitaskarð-47**
**Sérheiti:** Buðlunganes
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Vegur
**Staðhættir**
Gamall vegur liggur suður Buðlunganesið og er hann greinilegur á kafla norður og austur af fornbýlinu.
**Lýsing**
Grjóti virðist hafa verið rutt úr brautinni á kafla og hefur hún þá verið um 120-130sm breið. Nú liggur gata eftir henni, líklega fjárgata. Gatan var mælt á tæplega 300m kafla og endar hún við tún í suðri. Ekki sést hún á loftmynd en hún hefur líklega legið lengra til norðurs eftir Buðlunganesi, meðfram Blöndu, en þar lá þjóðleiðin áður en bílvegur var lagður.[72]


***Mynd 22. Horft er eftir gömlu leiðinni til norðurs.***

**Geitaskarð-48**
**Sérheiti:** Buðlunganes
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Við norðanverðan túngarðsendann, þar sem hann hættir að vera greinilegt garðlag er niðurgröftur.
**Lýsing**
Hlutverk er óþekkt en niðurgröfturinn er um 2x2m að ummáli og um 20sm djúpur. Hann er gróinn grasi, mosa og lyngi.

[72] ÖSÁ:4.




**Geitaskarð-49**
**Sérheiti:** Buðlunganes
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tóftir eru um 120m austuraf Buðlunganess býlinu, norður af túni sem liggur meðfram Blöndu.
**Lýsing**
Við túnjaðarinn að norðan er tóft. Hún er jarðsokkin og stendur á grónum hól. Tóftin er gróin grasi, mosa og lyngi og eru veggir um 10-30sm háir. Hún snýr nálega norður/suður og snúa dyr til suðurs.

**Geitaskarð-50**
**Sérheiti:** Buðlunganes
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tóftir eru norðvestur af Buðlunganess býlinu, norður af túni sem liggur meðfram Blöndu.
**Lýsing**
Rúmlega 60m norður af nyrðri túnendanum eru þrennar tóftir. Ein þeirra gæti verið heytóft. Í raun er um að ræða lágan hól sem sker sig gróðurfarslega úr umhverfi og er um 15-20sm dæld í hann. Hóllinn er um 8x9m að utanmáli en dældin um 2x3,5m að utanmáli.

**Geitaskarð-51**
**Sérheiti:** Buðlunganes
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tóftir eru norðvestur af Buðlunganess býlinu, norður af túni sem liggur meðfram Blöndu.
**Lýsing**
Austur af hólnum (nr. 50) er tóft eða jafnvel tvennar tóftir sem liggja á milli tveggja hóla. Stærri tóftin er tvískipt, útihúsatóft eða jafnvel stekkur. Dyr eru á báðum hólfum og snúa mót vestri. Tóftin er um 8x9m að utanmáli, hæð veggja um 20-60sm og eru þeir nokkuð þýfðir, grasi og mosa grónir.

**Geitaskarð-52**
**Sérheiti:** Buðlunganes
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tóftir eru norðvestur af Buðlunganess býlinu, norður af túni sem liggur meðfram Blöndu.
**Lýsing**
Tóft virðist vera við dyr/hlið tóftar (nr. 51). Tóftin sem er illgreinanleg gæti hugsanlega hafa myndast við hrun úr veggjum. Veggir eru þýfðir um 10-30sm háir og grasi og mosa grónir. Dyr eru á tóftinni og snúa mót suðri. Ef um tóft er að ræða er hugsanlegt að tóftirnar tvær séu frá mismunandi tímum eða að útveggir hafi raskast og tóftirnar séu í raun hlutar sömu byggingarinnar.

**Geitaskarð-53**
**Sérheiti:** Buðlunganes
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tóftir eru norðvestur af Buðlunganess býlinu, norður af túni sem liggur meðfram Blöndu.
**Lýsing**
Suðaustur af tóftum (nr. 50-52) er niðurgröftur 25x10m að utanmáli og um 20-40sm djúpur. Líklega efnistaka, mógröf eða torftaka (sjá aðrar upplýsingar). Við vesturendann er 30sm hátt garðlag, grasi gróið, hugsanlega stífla.
**Aðrar upplýsingar**
Garður var hlaðinn úr torfi þvert fyrir Buðlungalæk sem veitir hluta hans í djúpa laut vestan lækjarins, þar varð til Sundpollur. Hann var notaður til sundiðkana af Ungmennafélagi sveitarinnar[73].

**Geitaskarð-54**
**Sérheiti:** Buðlunganes
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þúst
**Staðhættir**
Tóftir eru norðvestur af Buðlunganess býlinu, norður af túni sem liggur meðfram Blöndu.

[73] ÖS:3.

**Lýsing**
Um 50m austur af niðurgreftrinum (nr. 53) er þúst um 30-40sm há, gróin grasi, mosa og ljónslöpp. Virðist geta verið leifar einhverskonar mannvirkis en ekki var hægt að greina veggjalög.

**Geitaskarð-55**
**Sérheiti:** Buðlunganes
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tóftir eru norðvestur af Buðlunganess býlinu, norður af túni sem liggur meðfram Blöndu.
**Lýsing**
Um 85m norður af bæjartóftum á Buðlunganesi er niðurgröftur, líklega efnistaka. Um 10x40m að utanmáli og um 20-70sm djúp.

**Geitaskarð-56**



*Mynd 23. Hleðsla, horft er til vesturs í átt að Blöndu.*

**Sérheiti:** Buðlunganes
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Steinlögn
**Staðhættir**
Norðarlega á Buðlunganesi um 70m suður af landamerkjum milli Geitaskarðs og Fremstagils er einföld grjóthleðsla.
**Lýsing**
Steinlögnin liggur á bakka ofan hvamms sem liggur meðfram Blöndu. Hún er um 10sm há og um 2x1m að utanmáli. Hlutverk er óþekkt en steinlögnin minnir um margt á umbúnað heiðinna grafa en ekkert verður frekar sagt um það nema með nánari rannsókn. Um 6m sunnan við er eru hrossa eða kindabein, hugsanlega ung.

**Geitaskarð-57**
**Sérheiti:** Buðlunganes
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Um 60sm sunnan við steinlögn (nr. 56) er einföld grjóthleðsla.
**Lýsing**
Hleðslan liggur í boga suður undir nokkuð stórum steini. Hún er um 10-20sm á hæð og um 30sm breið. Grasi gróið er í kringum hleðsluna sem er um 1,5m á lengd.


*Mynd 24. Hleðsla við stein. Horft er til vesturs og Blanda í baksýn.*


*Mynd 25. Manngerður? hóll með hleðsluleifum fyrir miðju. Horft er til austurs.*

**Geitaskarð-58**
**Sérheiti:** Buðlunganes
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla/hóll
**Staðhættir**
Framarlega fyrir miðju Buðlunganesi eru þrennar hleðslur eða steinlagnir sem liggja allar skammt austan gömlu leiðarinnar (nr. 47).
**Lýsing**
Ein þessara hleðsla er á grónum hól sem virðist geta verið manngerður. Hóllinn er 4x2m að utanmáli og um 40-60sm hár, mosagróinn. Fyrir miðju hólsins er vörðubrot um 30-40sm hátt. Óvíst er um hlutverk minjanna en þau minna um margt á umbúnað heiðinna grafa, slíkt verður þó ekki sagt með neinni vissu án frekari rannsókna.

**Geitaskarð-59**
**Sérheiti:** Buðlunganes
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Steinlögn
**Staðhættir**
Framarlega fyrir miðju Buðlunganesi eru þrennar hleðslur eða steinlagnir sem liggja allar skammt austan gömlu leiðarinnar (nr. 47).
**Lýsing**
Töluvert er af litlum hólum á Buðlunganesi og á einum þeirra er grjóthleðsla um 2x0,8m að utanmáli. Mosi, lyng og gras vaxa umhverfis hleðsluna. Hleðslan virðist manngerð en ekki er hægt að segja um það vissu.


***Mynd 26. Grjóthleðsla efst á hól, virðist manngerð.***


***Mynd 27. Þversnið hleðslunnar séð frá norðvestri.***

**Geitaskarð-60**
**Sérheiti:** Buðlunganes
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Framarlega fyrir miðju Buðlunganesi eru þrennar hleðslur eða steinlagnir sem liggja allar skammt austan gömlu leiðarinnar (nr. 47).
**Lýsing**
Hleðslan liggur efst á lágum hól, nálega norður/suður. Hún er um 1,5x0,8m að utanmáli og hæð um 30-60sm. Hlutverk er óþekkt en útlit hleðslunnar minnir um margt á umbúnað heiðinna grafa en um slíkt verður ekki fullyrt nema með frekari rannsókn.

**Geitaskarð-61**
**Sérheiti:** Buðlunganes
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Dæld
**Staðhættir**
Í túni sunnarlega á Buðlunganesi er dæld hugsanlega leifar útihúss.
**Lýsing**
Dældin er um 9x8m að ummáli og um 10-20sm djúp.

**Geitaskarð-62**
**Hlutverk:** Torfrista
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í túni, beint norðan bæjar, ofan gamla túnsins var áður torfrista samkvæmt heimildamanni. Ekkert sást á vettvangi en hnit eru skráð eftir heimildamanni.

**Geitaskarð-63**
**Sérheiti:** Móholt
**Hlutverk:** Mógrafir
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Rúmlega 700m nnv af bænum, ofan túna, eru mógrafir.
**Lýsing**
Mógrafirnar sjást enn en skriða hefur runnið yfir svæðið. Þær eru alls um 94x40m að stærð. Grafirnar voru skráðar eftir loftmynd og því getur verið einhver skekkja á hnitum.
**Aðrar upplýsingar**
„Kippkorn austur af Móholti er mótekjusvæði. Grafirnar og næsta umhverfi þeirra er kallað Mógrafir. Síðastliðin ca. 20 ár hefur mór ekki verið unnin þarna.“[74] Örnefnaskráin var skrifuð veturinn 1945-55 og hefur því ekki verið unnin mór þarna síðan u.þ.b. 1925.

**Geitaskarð-64**
**Hlutverk:** Heimild
**Tegund:** Matjurtagarður
**Staðhættir**
Á túnakorti frá 1918 sést að matjurtagarður var sunnan við Grindarhúsin (nr. 10), efst í Suðurtúni.
**Lýsing**
Garðurinn sést ekki lengur en hnit hans voru fengin með því að leggja túnakort frá 1918 yfir hnitaða loftmynd. Gera má ráð fyrir nokkurri skekkju á hnitum.

## Óskráðar Minjar

**Geitaskarð-65**
**Sérheiti:** Buðlunganes
**Hlutverk:** Kvíar
**Staðhættir**
Árið 1927 voru tvær hringmyndaðar réttir (kvíar) byggðar sunnarlega á Buðlunganesi, niður við árbakka Blöndu.[75]
**Lýsing**
Réttirnar fundust ekki við skráningu 2009 og er líklegast að þær séu komnar undir tún sem þarna ná nú töluvert norðar en áður.
**Aðrar upplýsingar**
Byrjað var að brjóta land til túnræktunar 1929 á Buðlunganesi, 2ja hektara spilda sem kölluð var Blettur.[76]

---
[74] ÖS: 8.
[75] ÖS: 2-3.
[76] ÖS: 2.

**Geitaskarð-66**
**Sérheiti:** Fosskot
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Sunnan Skarðslækjar, suðaustur af svonefndri Fosskotslaut.
**Lýsing**
Í örnefnaskrá segir: þar má sjá óglöggt móta fyrir tóftum. Rústirnar eru mjög grónar og fallnar í umhverfið og því ekki hægt að sjá skipan húsa lengur. Húsakynnin hafa öll verið smáskorin[77] Ekki sást móta fyrir tóftum suðvestan við réttina en norðan, norðaustan og norðvestan hennar eru tóftir og garðlag, allt saman fremur óljóst. Ómögulegt er að segja til hvort þarna sé um að ræða minjar um Fosskot en minjarnar benda ekki til þess að þar sé um að ræða híbýli og umhverfi er óhagstætt fyrri býli, nema þar sem réttin stendur nú. Sjá hugsanlegar leifar Fosskots (nr.22-26).

**Geitaskarð-67**
**Sérheiti:** Strengjavað/Strengir
**Hlutverk:** Vað
**Tegund:** Heimild
**Aðrar upplýsingar**
Skammt norðan Buðlungalækjaróss er steinn allstór nokkuð út í ánni. Um það bil miðja vega milli steins þessa og lækjaróssins er vað á Blöndu, er heitir Strengjavað í daglegu tali kallað Strengir.[78]
**Lýsing**
Heimildamaður þekkti ekki til staðsetningu vaðsins.

**Geitaskarð-68**
**Sérheiti: Skarðssel**
**Hlutverk: Sel**
**Staðhættir**
Seltóftirnar eru nokkurn veginn í miðju Skarðsskarði, sunnanvert.
**Lýsing**
Hluti af vettvangsvinnu í Engihlíðarhreppi fór fram í október en þá hafði snjóað og ekki reyndist unnt að skrá seltóftirnar í skarðinu. Skráningunni verður bætt inn síðar.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá er selinu svo lýst „Þar var haft í seli frá Geitaskarði fram undir síðustu aldamót. Nokkuð sér móta fyrir rústum mannvirkja þeirra, er þar hafa verið, og má sjá, að húsakynni hafa verið allrúm.“[79]

**Geitaskarð-69**
**Sérheiti:** Skarðssel
**Hlutverk:** Sel
**Staðhættir**
Í Núpslandi á Laxárdal
**Lýsing**
Selið var ekki skráð á vettvangi 2009 þar sem Núpsland tilheyrir ekki Geitaskarði.

---
77 ÖS:9-10.
78 ÖS:3.
79 ÖS:11.

**Aðrar upplýsingar**
Í jarðabók er jörðin sögð eiga selstöðu í Núpslandi á Laxárdal.

**Geitaskarð-70**
**Sérheiti:** Bardagahvammur
Hlutverk: Óþekkt, örnefni
**Tegund:** Heimild
**Lýsing**
Ekki var gengið í Skarðið sumarið 2009.
**Aðrar upplýsingar**
„Þar sem skarðið opnast austur á Laxárdalinn, er stór melur fyrir miðju mynni þess: hann heitir Leitismelur. Skammt vestan þessa mels er hvammur í Skarðinu sunnanverðu, sem heitir Bardagahvammur. Nyrzt í hvamminum, fyrir honum miðjum er hólkollur, sem heitir Dyshóll. Um þessu nöfn er ekkert frekar vitað en það, er þau sjálf benda til; sem sagt, að í hvamminum hafi verið barizt og að sá eða þeir, er þar féllu, hafi hlotið leg í Dyshól.“[80]

**Geitaskarð-71**
**Sérheiti:** Dyshóll
**Hlutverk:** Dys
**Tegund:** Heimild
**Lýsing**
Ekki var gengið í Skarðið sumarið 2009.
**Aðrar upplýsingar**
„Þar sem skarðið opnast austur á Laxárdalinn, er stór melur fyrir miðju mynni þess: hann heitir Leitismelur. Skammt vestan þessa mels er hvammur í Skarðinu sunnanverðu, sem heitir Bardagahvammur. Nyrzt í hvamminum, fyrir honum miðjum er hólkollur, sem heitir Dyshóll. Um þessu nöfn er ekkert frekar vitað en það, er þau sjálf benda til; sem sagt, að í hvamminum hafi verið barizt og að sá eða þeir, er þar féllu, hafi hlotið leg í Dyshól.“[81]

## Landamerki

**Geitaskarð-72**
**Hlutverk:** Landamerki
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt landamerkjalýsingu frá 1885 var landamerkjagarður milli Geitaskarðs og Holtastaðakots.
**Lýsing**
Garðurinn er nú í landi Holtastaða, sjá **Holtastaðir-41.**

**Geitaskarð-73**
**Hlutverk:** Landamerki
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á landamerkjum milli Geitaskarðs og Fremstagils var landamerkjasteinn. **Lýsing**
Landamerkjasteinn sem stóð hafði við Einbúa fannst ekki við skráningu 2009.

[80] ÖS:12.
[81] Sama heimild.

**Aðrar upplýsingar**
Norðan í Einbúa var stór landamerkjasteinn sem stóð á hlóðum með áletrunina LM. Var fjarlægður vegna vegagerðar.[82]

**Geitaskarð-74**
**Sérheiti:** Kringlóttaflæði
**Hlutverk:** Garðlag
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt örnefnaskrá (bls. 6) var hringlaga blettur umkringdur garði við svonefnt Yztaflæðis. Nefndist bletturinn Kringlóttaflæði.
**Lýsing**
Þarna eru nú slétt tún og garðarnir horfnir.

**Geitaskarð-75**
**Sérheiti:** Flæði
**Hlutverk:** Áveita
Tegund: Heimild
**Staðhættir**
Áveitugarðar voru í engjunum suður af gamla túninu sem kallað var Flæði.
**Lýsing**
Þarna eru nú slétt tún og garðarnir horfnir.

**Geitaskarð-76**
**Sérheiti:** Vörðumelur
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Skammt upp undan réttinni og litlu utar er stór melur, sem heitir Vörðumelur.“ (ÖS, 8).
**Lýsing**
Ekki var gengið á Vörðumel 2009 en heimildamaður gat þess að þar hefði verið eitthvert vörðubrot.

[82] ÖSÁ:2,10; ÖSG:1.

# Holtastaðir – Söguágrip



*Mynd 28. Horft til norðausturs heim til Holtastaða. Gamla kirkja og kirkjugarðurinn voru þar sem trjágarðurinn er núna heima við bæ.*

Í Húnaþingi segir svo um Holtastaði: „Jörðin er góð undir bú, land frjótt og ræktunarskilyrði góð. Íbúðarhús og fjós standa ofarlega í túni, sem hallar fallega vestur að Blöndu. Skammt norðan heimatúns var hjáleigan Holtastaðakot, sem var lögð undir jörðina árið 1946. Síðastur ábúandi þar var Karl Jónsson. [...] Jörðinni tilheyrir eyðibýlið Eyrarland á Laxárdal, dalverpi er gengur suður úr Skarðsskarði, nefnt Brunnárdalur, og landspilda vestan Blöndu, í Svínavatnshreppi, er nefnist Holtastaðareitur, og var þar áður smábýli. Jörðin í eigu sömu ættar frá árinu 1863.“[83]

Holtastaða er fyrst getið í Landnámu en þar segir frá Holta Ísröðarsyni sem nam land ofan frá Móbergi og bjó á Holtastöðum.[84] Kirkja hefur frá fornu verið á Holtastöðum en árið 1285 er jarðarinnar getið í Rekaskrá Þingeyrarklausturs en jörðin átti þá hlut í svonefndum Spákonuarfi.[85] Hún var helguð heilögum Nikulási og árið 1318 átti hún eftirfarandi jarðir: Hvamm, Kirkjuskarð, Hamraland og Hól (Kagaðarhól) hálfan.[86] Árið 1360 er fjórðungshlutur í Geitaskarði komin í eigu Holtastaða[87] en sá hlutur fylgdi jörðinni þegar Jón biskup skalli seldi hana Brandi Ásgrímssyni og Guðnýju Sölmundardóttur fyrir Flugumýri. Árið 1388 eru Holtastaðir komnir í eign Hólastóls og getur til hennar vi. hundruð í vaðmálum, hálft hvert.[88]

---

[83] Húnaþing II, 146.
[84] Landnáma 140.
[85] Spákonuarfur er kenndur við Þórdísi sem bjó að Spákonufelli á 11. öld og gaf ýmsum kirkjum eftir sinn dag hlut í hval- og viðrekum fyrir löndum sínum.
[86] DI II, 471.
[87] DI III, 170.
[88] DI III, 412.

**Jarðamat**
Jörðin var að fornu metin á 90 hundruð með Sneis (fyrrum hjáleiga) sem lá upp á Laxárdal (austan Laxár) en Holtastaðakot var metið á 10 hundruð. Var þá helmingur jarðarinnar í eyði.[89] Í jarðabók 1847 en jörðin metin á 90 hundruð með hjáleigunni.[90] Hlunnindi eru sögð selveði í Blönduósi og Laxveiði í Hnúkakotssíki og Tröllá. Þess er getið í jarðabók að jörðin hafi átt beitiland fyrir vestan Blöndu og þar móskurð.[91] Þessi hluti er nú í eigu Holtastaða og jarðarinnar Eyrarlands í Laxárdal sem ekki er skráð með hér þar sem hún var sjálfstæð jörð í bændaeign 1847.[92]

Árið 1705 er aðeins búið á helmingi jarðarinnar og var landskuld á þeim helmingi 2 hundruð og greiddist hún í landaurum. Leigukúgildi voru 4 og greiddust í smjöri. Á meðan búið var á báðum helmingum jarðar var landsskuld og leigukúgildi hið sama. Fóðrast kann á allri heimajörðuinni, 12 kýr, 2 ungnaut, 80, ær , 40 lömb og 6 hestar.[93]

***Holtastaðakot*** var hjáleiga við túnið á Holtastöðum. Jörðin var komin í byggð 1703 og fluttist síðasti ábúandi þaðan 1946. Segir í jarðabók Árna og Páls og að kostir og ókostir jarðarinnar séu þeir sömu og á heimajörðinni nema að engjar kotsins voru nokkuð lakari.[94]

**Ábúð**
Holtastaðir var lengi tvíbýli og er þannig 1703 og í manntölum fram til 1870. Árið 1845 voru 18 manns í heimili.[95] Í jarðabók Árna og Páls er þess getið að einungis sé búið á öðrum hluta Holtastaða en kotið er þá í byggð.[96] Holtastaðakots er getið í manntölum frá 1703 og voru 8 í búi þegar mest var 1890.[97]

[89] Jarðabók VIII, 402.
[90] Jarðatal á Íslandi 1847, 242.
[91] Jarðabók VIII, 403
[92] Jarðabók VIII, 241.
[93] Jarðabók VIII, 402.
[94] Jarðabók VIII, 403.
[95] http://manntal.is/
[96] Jarðabók VIII, 402.
[97] http://manntal.is/

## *Fornleifaskráning*

**Holtastaðir-1**



***Mynd 29. Bærinn stóð ofan við íbúðarhúsið g náði að útihúsunum til hægri. Kirkjugarður og kirkja voru þar sem trjágarðurinn er núna. Horft er til vesturs og sjást kirkjan og kirkjugarðurinn sem nú eru í notkun í baksýn.***

**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Gamli torfbærinn var ofan við núverandi íbúðarhús.
**Aðrar upplýsingar**
Jörðin var tekin út fimmtudaginn 14. júní 1906 og voru þar þá þessi hús: Baðstofa, stofa, sunnan við bæjardyrnar, skáli og bæjardyr, búr og maskínuhús undir sama risi austur af stofunni, eldhús, göng frá bæjardyrum til baðstofu, skemma og smiðja. Hesthús yfir 6 hesta var heima við bæ. Á milli skemmunnar og smiðjunnar var rétt, hlaðin úr grjóti að hluta. Kamar var norðan undir bænum.[98] Samkvæmt heimildamanni, Holta Líndal bónda á Holtastöðum var gamli bærinn rifinn um 1914-15.

**Holtastaðir-2**
**Hlutverk:** Kirkja
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Gamli torfbærinn var ofan við núverandi íbúðarhús og kirkjugarður sunnan hans og í honum stóð áður torfkirkja. Punktur var tekinn í miðju kirkjugarðs af hnitsettu túnakorti og getur því verið töluverð skekkja á honum.
**Hættumat**
Þótt að minjar séu neðan jarðar getur þeim stafað hætta af jarðraski og frekari trjárækt og jafnframt af rótakerfi þeirra trjáa sem fyrir eru.
**Aðrar upplýsingar**
"Árið 1833 var byggð torfkirkja á Holtastöðum sem leysti af hólmi aðra torfkirkju sem þar hafði staðið í 39 ár. Yfirsmiður nýju kirkjunnar var Klemens Klemensson bóndi og kirkjusmiður í Bólstaðarhlíð".[99]

**Holtastaðir-3**
**Hlutverk:** Kirkjugarður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Gamli kirkjugarðurinn á Holtastöðum er sunnan við íbúðarhúsið í honum sjást enn grafir og legsteinar en síðast var jarðað þar 1971.

---

[98] Úttektarbók Engihlíðarhrepps (1906), Holtastaðir, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.
[99] Kirkjur Íslands 8. bindi, 164. Nánari upplýsingar um sögu kirkjunnar á Holtastöðum má lesa í Kirkjum Íslands 8. bindi.

**Hættumat**
Þótt að minjar séu neðan jarðar getur þeim stafað hætta af frekara jarðraski eða trjárækt og jafnframt af rótakerfi þeirra trjáa sem fyrir eru.
**Aðrar upplýsingar**
Kirkjugarðurinn var fluttur árið 1910 þar sem hann stendur nú, í horninu milli þjóðvegar og heimreiðar. Síðast var jarðað í gamla garðinum árið 1971.[100]

**Holtastaðir-4**
**Hlutverk:** Fjós
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Gamla fjósið var norðaustan við bæinn, nú horfið.
**Lýsing**
Fjósið var yfir 11 nautgripi. Fjóshlaða var við fjósið og tók um 200 hesta.[101]

**Holtastaðir-5**
Hlutverk: Brunnur
Tegund: Heimild
**Staðhættir**
Brunnhús var fram af fjósinu.
**Lýsing**
Það var með grjótveggjum til beggja hliða og féll bæjarlækurinn í gegnum það.[102] Líklegt er að brunnurinn sé merktur við hring við kirkjugarðshornið á túnakorti frá 1918.

**Holtastaðir-6**
Hlutverk: Mylla
Tegund: Heimild
**Staðhættir**
Ekki fundust leifar myllunnar við skráningu 2009. En samkvæmt heimildamanni var hún austan við bæinn, við beygjuna á læknum. Punktur var tekinn eftir lýsingu og því getur verið töluverð skekkja á honum.
**Aðrar upplýsingar**
Frá myllunni segir í úttekt frá 1906: „Mylnuhús [...] Húsið er nýlegt og viðir sumpart nýir“.[103]

**Holtastaðir-7**
**Hlutverk:** Hrútakofi
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Ekki er vitað hvar hrútakofinn stóð og ekki fundust leifar hans við skráningu 2009.
**Aðrar upplýsingar**
Í úttekt frá 1906 er virtur hrútakofi yfir 8 hrúta. Kofinn var tvídyraður og voru þetta garðahús.[104]

---

[100] Kirkjur Íslands 8. bindi, 164.
[101] Úttektarbók Engihlíðarhrepps (1906), Holtastaðir, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.
[102] Úttektarbók Engihlíðarhrepps (1906), Holtastaðir, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.
[103] Úttektarbók Engihlíðarhrepps (1906), Holtastaðir, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.
[104] Úttektarbók Engihlíðarhrepps (1906), Holtastaðir, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

**Holtastaðir-8**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni var túngarðurinn neðan við sléttu þá sem kölluð er Sveinaflötur, búið er að slétta yfir hann. Garðlagið var teiknað eftir lýsingu og getur því verið nokkur skekkja á hnitum.
**Aðrar upplýsingar**
Í úttekt frá 1906 er sagt frá túngarði: „suður frá neðri traðarenda fyrir neðan Sveinaflöt allan. Víðast gripheldur, en þó skörðóttur.“[105]

**Holtastaðir-9**
**Hlutverk:** Beðasléttur
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni voru beðasléttur norður af heimtröðinni, á svonefndum Orfabrjót. Búið er að slétta yfir þær og sjást þær ekki lengur í túni. Punktur var tekinn samkvæmt ábendingu heimildamanns.
**Aðrar upplýsingar**
Í úttekt frá 1906 er sagt frá sléttum í túni sem Jósafat hreppstjóri Jónatansson hafði gert og allar voru þær þá í góðu ásigkomulagi, voru 4 ¾ dagsláttur að stærð.[106]

**Holtastaðir-10**
**Hlutverk:** Tröð
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Tröðin var á sama stað og heimreiðin í dag.
**Aðrar upplýsingar**
„Stígur niður að tröðinni -110 faðma langur ómalarborinn, en ekki mjög ósléttur að ofan. Kantar báðir óreglulegir, en allvel við haldið frá fyrstu gerð. Tröðinfrá stígnum niður úr túninu 60 faðmar. Neðan til hlaðin upp að innan af grjóti, þar nokkurnvegin gripheld.“[107]

**Holtastaðir-11**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá 1918 er matjurtagarður við kirkjugarðshornið að sunnan. Punktur tekinn af hnitsettu túnakorti frá 1918 og því getur verið nokkur skekkja.
**Lýsing**
Hann er nú að hluta kominn í tún og að hluta í trjágarðinum sem er umhverfis húsið.

---

[105] Úttektarbók Engihlíðarhrepps (1906), Holtastaðir, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.
[106] Úttektarbók Engihlíðarhrepps (1906), Holtastaðir, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.
[107] Úttektarbók Engihlíðarhrepps (1906), Holtastaðir, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

**Holtastaðir-12**
**Hlutverk:** Matjurta-garður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Matjurtagarður er sunnan við bæjarlækinn um 70m norðaustur af íbúðarhúsinu.
**Lýsing**
Garðurinn er að utan um 20x22m, veggir eru vel greinilegir, grasi grónir og um 50-100sm á hæð.
**Aðrar upplýsingar**
Samkvæmt úttekt frá 1906 var garðurinn 110 ferfaðmar og hlaðinn úr grjóti og torfi.[108]



***Mynd 30. Matjurtagarðurinn sést efst á mynd og nær er réttin (nr. 40). Horft er til norðausturs.***

**Holtastaðir-13**
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Austast í túninu, um 170m austur af íbúðarhúsinu stóð áður hesthús.
**Lýsing**
Búið er að rífa húsin og þau komin í slétt tún en örlítil dæld, um 9x10m að ummáli, sést í túnið þar sem þau stóðu.
**Aðrar upplýsingar**
Í úttekt frá 1906 segir af hesthúsi yfir 12 hross sem var tvídyrað og hlaða við húsin.[109]

**Holtastaðir-14**
**Sérheiti:** Einstakafjárhús
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Austast í túninu, um 190m asa af íbúðarhúsinu stóðu áður fjarhús.
**Lýsing**
Ekkert sér eftir af húsunum en punktur var tekinn samkvæmt ábendingu heimildamanns og passar sú staðsetning ágætlega við þegar túnakort frá 1918 hafði verið lagt yfir loftmynd.
**Aðrar upplýsingar**
Í úttekt frá 1906 segir frá eftirfarandi fjárhúsi. Einstakafjárhúsið (garðahús) tekur 40 kindur – hlaða við húsið.

[108] Úttektarbók Engihlíðarhrepps (1906), Holtastaðir, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.
[109] Úttektarbók Engihlíðarhrepps (1906), Holtastaðir, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

**Holtastaðir-15**
**Sérheiti:** Syðsta/Ytra fjárhús
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Fjárhús stóðu áður þar sem fjárhúsin eru í dag um 90m suður af íbúðarhúsinu.
**Lýsing**
Steinsteypt fjárhús standa þar sem húsin stóðu áður en grjóthlaðnir garðarnir úr gömlu húsunum eru enn í notkun og standa vel.



*Mynd 31. Hlaðinn garði í fjárhúsunum á Holtastöðum.*

**Aðrar upplýsingar**
Í úttekt frá 1906 segir frá eftirfarandi fjárhúsum. Syðsta fjárhúsið (garðahús) tekur 40 kindur. Ytra fjárhús (garðahús) tekur um 38 kindur – hlaða við húsið.[110]

**Holtastaðir-16**
**Sérheiti:** Akur
**Hlutverk:** Garðlag
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni var garðlag í túnhorninu um 380m vestur af íbúðarhúsinu.
**Lýsing**
Garðlagið er horfið og sést ekkert eftir af því í túni, en það var teiknað upp eftir ábendingu heimildamanns Holta Líndals sem mundi eftir garðlaginu.
**Aðrar upplýsingar**
Í norðurhorni Akurs var garðlag og gömul hleðsla, nú sléttað.[111]

**Holtastaðir-17**
**Sérheiti:** Brennitóft
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Heimild

[110] Úttektarbók Engihlíðarhrepps (1906), Holtastaðir, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.
[111] ÖSV:1

**Staðhættir**
Staðsetning var tekin samkvæmt ábendingu heimildamanns Holta Líndal, rúmlega 200m vestur af íbúðarhúsinu á Holtastöðum í stykki sem í dag er kallað Brennivöllur.
**Aðrar upplýsingar**
Á Brennivelli þar voru tóftarbrot, mögulega húsmannskofi.[112]

**Holtastaðir-18**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á svonefndum Sveinafleti um 220m suðvestur af íbúðarhúsinu er lágur hóll í túni um 15x20m að ummáli.
**Lýsing**
Hóllinn sker sig nokkuð úr umhverfi en þar er gras nokkuð ljósara en í túninu umhverfis. Ekki sjást nein merki um byggingar en ekki er ólíklegt að þarna hafi staðið einhvers konar mannvirki sem nú er horfið.

**Holtastaðir-19**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Syðst á Sveinafleti, um 125 austur af kirkjugarðinum var áður hóll í túninu samkvæmt heimildamanni og við hann þúfa.
**Lýsing**
Ekki vissi heimildamaður um hlutverk hólsins búið er að slétta úr honum og sést hann ekki lengur.

**Holtastaðir-20**
**Sérheiti:** Ullarhóll
**Hlutverk:** Þurrkunarstaður
**Tegund:** Hóll
**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni er Ullarhóll sá sem liggur upp með bæjarlæknum að norðan um 80m norðaustur af íbúðarhúsinu.
**Aðrar upplýsingar**
Þar var þurrkuð ull.[113]

[112] ÖS:2; ÖSV:1.
[113] ÖS:3.




**Holtastaðir-21**
**Sérheiti:** Kvíaból
**Hlutverk:** Kvíar
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Kvíaból er í brekkunni ofan við bæinn, sunnan bæjarlækjar. Í Kvíabóli rúma 170m norðaustur af íbúðarhúsinu á Holtastöðum er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er aflöng, grasi gróin, liggur na/sv og er um 5x9m að utanmáli. Hæð veggja er um 20-40sm. Hlið er á tóftinni og snýr mót suðvestri.



***Mynd 32. Horftn til suðvesturs yfir Geldsauðatóftir. Garðlag sést greinilega norðan tóftanna og í boga í átt til girðingarinnar. Tóftaþyrpingin er lengra til vinstri.***

**Holtastaðir-22**
**Sérheiti:** Geldsauðatóftir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Geldsauðatóftir eru á brún Lágahjalla um 600m norðaustur af bænum á Holtastöðum. Tóftirnar standa á grónum bletti neðan undir brekku og er ljóst af minjunum að þar hefur verið nokkuð meira umleikis en bara fjárhús, hugsanlega á mismunandi tímum. Tóftirnar eru a.m.k. þrjár og er sú stærsta þeirra að minnsta kosti fjórskipt. Garðlag liggur umhverfis tóftirnar. Hugsanlegt er að þarna hafi á einhverjum tíma verið selstaða frá Holtastöðum. Girðing liggur þvert í gegnum minjasvæðið frá norðvestri til suðausturs.
**Lýsing**
Tóftin liggur norðaustur/suðvestur og er um 6x11m að utanmáli. Hún er grasi gróin en þó sér í grjót í veggjum. Ekki var hægt að greina dyr á tóftinni en hún liggur við suðurenda garðsins sem umlykur tóftirnar.
**Hættumat**
Girðing liggur yfir tóftina og er hún af þeim sökum rofin. Henni gæti því stafað hætta af frekara rofi.




**Holtastaðir-23**
**Sérheiti:** Geldsauðatóftir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Norðvestur af tóft nr. 22 er önnur tóft, minni. Tóftirnar eru reistar sitthvoru megin við stórt grjót. Tóftin er um 4x5m að utanmáli, hæð veggja eru um 0,4m, þeir eru grasi grónir en sér í grjóthleðslur á nokkrum stöðum. Dyr hafa vitað til suðvesturs.

**Holtastaðir-24**
**Sérheiti:** Geldsauðatóftir
**Hlutverk:** Stekkur/Sel
**Tegund:** Tóft
**Lýsing**
Stærstu og umfangsmestu tóftirnar innan garðsins eru a.m.k. fjórskiptar, algrónar, stærsta hólfið 12x7m að utanmáli og hugsanlega heytóft á bak við að suðaustan. Út frá tóftinni liggur garðlag í boga til norðvesturs og virðast vera tvö hólf við garðlagið, sem þó gæti hafa myndast úr hruni úr garðinum. Við garðendann til norðausturs virðis einnig vera lítið hólf 2x3 að innanmáli. Hæð veggja er um 40-70sm.

**Holtastaðir-25**
**Sérheiti:** Geldsauðatóftir
**Hlutverk:** Túngarður?
**Tegund:** Garðlag
**Lýsing**
Garðlag liggur frá stóru tóftaþyrpingunni (nr. 24) í boga til norðvesturs. Þar er garðurinn skorinn í sundur af girðingu sem liggur þvert yfir tóftasvæðið frá norðvestri til suðausturs.

Garðurinn liggur svo í boga suður fyrir og endar í tóft nr. 22. Þannig myndar hann um 30x30m afgirt tún/svæði sunnan og vestan tóftanna. Garðurinn er alls um 70m langur og hæð hans 20-60cm. Hann er mjög gróinn og þýfður.

## *Holtastaðakot*

***Holtastaðakot*** var hjáleiga við túnið á Holtastöðum. Hún var komin í byggð þegar manntal var tekið 1703 og síðasti ábúandi flutti þaðan árið 1946.

Holtastaðakot var um 230-300m norðvestur af Holtastaðabænum, byggingarnar stóðu á hólum og var túnið neðan (nv) þeirra. Jörðin átti landamerki til norðurs mót Geitaskarði. Bæjarstæðið er nú rétt norðaustan núverandi túna og liggur uppþurrkunarskurður meðfram svæðinu sunnan til.



***Mynd 33. Bæjarhóllinn á Holtastaðakoti. Búið er að rífa bæinn og sést aðeins lítið eftir af honum. Horft er til suðvesturs.***

**Holtastaðir-26**
**Sérheiti:** Holtastaðakot
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tæplega 300m norðvestur af íbúðarhúsinu á Holtastöðum eru leifar bæjarins á Holtastaðakoti. Skurður er sunnan við tóftaleifarnar og sunnan hans hóll sem samkvæmt örnefnaskrá heitir Bæjarhóll.[114]

[114] ÖS:2.

**Lýsing**
Bæjartóftirnar eru að mestu horfnar en grunnur þeirra, grasi gróinn, sést enn að hluta og er vegghæð hans um 0,3m og utanmál um 16x8m.




**Holtastaðir-27**
**Sérheiti: Holtastaðakot**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Lýsing**
Á túnakorti frá 1918 er mannvirki, að líkindum matjurtagarður vestur af bæjartóftunum. Hans sáust ekki merki en hnit voru tekin af hnitsettu túnakorti. Hafa ber í huga að nokkur skekkja getur verið á hnitunum.



*Mynd 34. Túngarður liggur yfir Hring, Járnhaus er lengra til vinstri á mynd þar sem fjórhjólið er. Horft er til suðurs.*

**Holtastaðir-28**
**Sérheiti:** Holtastaðakot
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Umhverfis kotið að norðan og austan eru leifar túngarðs.
**Lýsing**
Garðlagið er nokkuð langt, alls um 340m. Það er vel greinanlegt, um 0,2-0,4m á hæð og breidd veggja um 1m.

**Holtastaðir-29**
**Sérheiti:** Járnhaus
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Járnhaus er hóll um 250m nnv af íbúðarhúsinu á Holtastöðum og efst á honum eru tóftir fjárhúsa.
**Lýsing**
Tóftin er aflöng, liggur norðaustur/suðvestur og er um 19x8m að utanmáli. Dyr hafa vitað í suðvestur. Mikið gras var á tóftinni við skráningu og hún því óljós. Vegghæð var um 0,2-0,4m. Samkvæmt heimildamanni stóðu þessi hús ekki um miðja 20. öld.




**Holtastaðir-30**
**Sérheiti:** Hringur
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Norðan við Járnhaus er hóll nefndur Hringur og rennur bæjarlækurinn á milli þeirra.
**Lýsing**
Fjárhús voru á Hring en búið er að rífa þau og slétta yfir. Tóftirnar eru horfnar en nyrst á Hring er lágur, gróinn, hóll eða þúst þar sem hugsanlegt er að húsin hafi staðið. Samkvæmt heimildamanni stóðu þessi hús ekki um miðja 20. öld.

**Holtastaðir-31**
**Sérheiti:** Hringur
**Hlutverk:** Túngarður?
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Nyrst á Hring er garðlag, tæplega 14m langt sem liggur til norðvesturs niður af hólnum.
**Lýsing**
Hugsanlega er þarna um að ræða hluta af túngarði í kringum Holtastaðakot. Garðlagið er glöggt, 0,3-0,5m hátt og gróið miklu grasi.

**Holtastaðir-32**
**Sérheiti: Holtastaðakot**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 60m norður af bæjartóftinni er tóftarbrot.
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni stóð fjárhús þar fram um 1949-50. Töluverður gróður var á tóftinni og umhverfis og var hún frekar illgreinanleg. Það sem sást var veggur sem liggur í vinkil. Veggurinn er 40sm hár og um 16m langur.

**Holtastaðir-33**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá 1918 er mannvirki vestur af fjárhúsunum, líklega matjurtagarður. Ekki sáust leifar hans á vettvangi en hnit voru tekin af hnitsettri loftmynd. Hafa ber í huga að nokkur skekkja getur verið á hnitunum.

**Holtastaðir-34**
**Sérheiti: Holtastaðakot**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Heimild
**Lýsing**
Á túnakorti frá 1918 er hús nyrst í túninu. Hlutverk þess er ekki vitað en að líkindum hefur staðið þarna eitthvert útihús og ekki er ólíklegt að þarna hafi t.d. verið hesthús, en þau eru gjarnan við túnjaðra.

**Holtastaðir-35**
**Hlutverk:** Mógröf
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Við norðurenda túngarðsins, við merkin milli Holtastaða og Geitaskarðs, tæplega 600m norðvestur af Holtastaðabænum eru mógrafir.
**Lýsing**
Mógrafarsvæðið er um 20x40m að stærð og eru þær mest um 1m á dýpt.


***Mynd 35. Nyrðri hluti mógrafanna. Á bak við sést landamerkjagirðing milli Holtastaða og Geitaskarðs. Horft er til norðurs.***

**Holtastaðir-36**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hóll
**Staðhættir**
Norðvestur af Holtastaðakoti, milli kotsins og Kotstúnsins eru óljósar mannvirkjaleifar.
**Lýsing**
Nyrst er hóll 7x6m að utanmáli, hóllinn sker sig nokkuð úr umhverfi og hugsanlega hefur þar verið mannvirki þar, þó það sé nú horfið.

**Holtastaðir-37**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Norðvestur af Holtastaðakoti, milli kotsins og Kotstúnsins eru óljósar mannvirkjaleifar.
**Lýsing**
Þar er garðlag, grasi gróið og nokkuð vel greinanlegt. Það liggur í vinkil og vísa hliðar mót norðvestri og norðaustri. Það er um 0,3-0,6m á hæð. Óvíst er um hlutverk garðsins. Taldi heimildamaður hugsanlegt að þarna hafi verið matjurtagarður.

**Holtastaðir-38**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hóll
**Staðhættir**
Norðvestur af Holtastaðakoti, milli kotsins og Kotstúnsins eru óljósar mannvirkjaleifar.
**Lýsing**
Við Kotstúnin er hóll 13x7m að utanmáli. Engin veggjalög eru greinanleg og mikill gróðurvar á hólnum þegar skráningin fór fram en útlit hans bendir til þess að þar hafi einhvern tímann verið mannvirki eða mannvist af einhverju tagi.

**Holtastaðir-39**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hóll
**Staðhættir**
Norðvestur af Holtastaðakoti, milli kotsins og Kotstúnsins eru óljósar mannvirkjaleifar.

**Lýsing**
Austur af hóli (sjá nr. 38) er lágur hóll sem sker sig úr umhverfi, hann er grasi gróinn, 7x8m að ummáli. Engin mannvirki sjást á hólnum en útlit hans bendir til þess að einhverskonar mannvirki hafi staðið þar.

**Holtastaðir-40**
**Hlutverk:** Garðlag
**Tegund:** Rétt
**Staðhættir**
Sunnan bæjarlækjar á Holtastöðum, norðvestur af matjurtagarði sem skráður er nr. 12 er tóft
**Lýsing**
Hún liggur na/sv og er 9m löng.Hún er grasi gróin og veggir eru 50-150sm háir.

## Landamerki

**Holtastaðir-41**
**Hlutverk:** Landamerki
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt landamerkjalýsingu frá 1885 var landamerkjagarður milli Geitaskarðs og Holtastaðakots.
**Lýsing**
Garðurinn er enn greinilegur á kafla, neðan vegar og að hluta ofan þjóðvegar, samtals um 120m langur. Garðurinn var skráður af loftmynd og getur því verið nokkur skekkja á hnitum.
**Hættumat**
Garðinum gæti stafað hætta af girðingarframkvæmdum.

## Horfnar minjar og óskráðar

**Holtastaðir-42**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Mjósund heitir Blanda þar sem hún rennur fram hjá Holtastaðanesi. Stekkur var norðan við nesið en hann er nú horfinn samkvæmt Holta Líndal.[115]

**Holtastaðir-43**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í úttekt frá 1909 er nefnt Syðra fjárhús (tveggja króa hús) tekur um 45 kindur. Nyrsta húsið (garðahús) tekur um 45 kindur.[116]
**Lýsing**
Ekki þekkti heimildamaður til þessa húss en hugsanlegt er að þetta hús hafi staðið á hól þeim sem skráður er nr. 18.

[115] ÖS:5
[116] Úttektarbók Engihlíðarhrepps (1906), Holtastaðir, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

**Holtastaðir-44**
**Sérheiti:** Vörðumelur
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt örnefnaskrá er vörðubrot á Vörðumel sem er ofarlega og sunnarlega í Hólunum.[117]
**Lýsing**
Ekki var gengið á Vörðumel sumarið 2009.

**Holtastaðir-45**
**Sérheiti:** Skarðssel/Holtastaðasel
**Hlutverk:** Sel
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Sel er í Geitaskarði, Skarðssel þar var haft í seli frá Geitaskarði og Holtastöðum. Þar voru 100 ær í kvíum.[118]
**Lýsing**
Ekki var gengið á selið 2009.
**Aðrar upplýsingar**
„Skarðssel heita seltóftir, sem eru vestan við Brunná norður undir Seltaglinu. Þar var haft í seli frá Geitaskarði og Holtastöðum. Síðast, er haft var í seli frá Holtastöðum, þá var móðir mín selráðskona. Vóru þá 100 ær í kvíum. Mjólkaði stúlka með henni fyrsta hálfan mánuðinn. Úr því mjólkaði hún ein. Þá var líka haft í seli frá Geitaskarði.“[119]

[117] ÖS:3-4.
[118] (ÖS:6-7).
[119] Sama heimild.

# Móberg – Söguágrip



*Mynd 36. Horft heim að Móbergi.*

Móberg er syðsta býlið í Langadal sem tilheyrir Engihlíðarhreppi. Í Húnaþingi II er bæjarstæðinu lýst svo: „Bærinn stendur á brún brattrar brekku, er veit mót suðri, og er bæjarstæðið fagurt. Í fjallinu ofan bæjar, gnæfa tignarlegir og víða ókleifir klettar. Undirlendi, sem þarna er nokkurt, er að kalla allt ræktað. Landið að öðru leyti bratt fjallendi með vallendisgeirum og bollum á milli grýttra hóla og mela. Jörðin hefir verið í eigu og ábúð sömu ættar frá árinu 1880.“[120]

Mórbergs er fyrst getið í Landnámu þar sem segir af Ævari Ketilssyni er nam land frá Móbergi og inn Langadal allan. Ævar settist að í Ævarsskarði og Véfröður sonur hans gerði bú að Móbergi. Ævar kom að landi í Blönduósi en Véfröður seinna í Gönguskarðsósi. Segir frá því að þegar Véfröður kom að Ævarsskarði þekkti faðir hans hann ekki og segir í Landnámu: „Þeir glímðu, svá at upp gengu stokkar allir í húsinu áðr Véfröðr sagði til sín.“[121] Í Hallfreðarsögu er þess getið að maður að nafni Húnröður hafi búið að Móbergi.[122] Jörðin kemur einnig fyrir í þrígang í Sturlungasögu.[123] Árið 1379 úrskurðar Einar Hafliðason prestur í landamerkjadeilu milli Hvamms og Mórbergs. Var Guðmundi á Móbergi dæmdur jarðaparturinn.[124]

---

[120] Húnaþing II, 142.
[121] Landnáma bls. 139.
[122] Hallfreðar saga, 177.
[123] Sturlunga I, 192, 248, 442.
[124] DI III, 338.

Í jarðabók Árna og Páls segir að bænhús hafi verið að Móbergi og tíðir veittar í manna minnum en sé nú aflagt og skemma sé nú þar sem bænhúsið var áður.[125]

**Hjáleigur, kot og sel**

Í jarðabók frá 1709 er hjáleigan Vatnsskarð [síðar Litla-Vatnsskarð] sögð byggð í heimalandi Móbergs og einungis skipt að húsum, túnum og engjum, þá verið í eyði í nokkurn tíma.[126] Jörðin Vatnskarð er í bændaeign 1847 og þar sögð 10 hundruð að dýrleika.[127] Í jarðatalinu er jafnframt getið um Móbergssel sem hjáleigu, dýrleika ekki getið en ábúandi skráður 1. Í sóknalýsingum frá 1839 segir prestur að Móberg eigi selstöðu í Laxárdal sem hafi ekki verið í notkun í nokkur ár.[128] Jarðabók Árna og Páls getur jafnframt Móbergskots, fornar eyðihjáleigu sem bóndi nýtir á þeim tíma sem stekk.[129] Í örnefnaskrá er getið kots sem nefndist Gullkró[130] og annað býli í Móbergslandi voru Kjóavellir sem einnig voru kallaðir grund.[131]

**Úr jarðatali**

Ábúendur eru skráðir á Móbergsseli í jarðatali frá 1835 og fram til 1890.[132] Þeir eru ekki í jarðatali 1703 en gætu vel hafa byggst upp á 18. öld. Fjöldi íbúa er rokkandi en þeir eru 7 þegar flest er en 2 þegar fæst er.[133]

**Jarðamat**

Jörðin var að fornu metin á 50 hundruð að Vatnsskarði meðtöldu „sem bygt hefur verið í heimalandi fyrir elstu manna minni.“ Var heimajörðin þá metin á 40 hundruð en hjáleigan á 10 hundruð.[134] Árið 1847 er Móberg metið á 40 hundruð ásamt selinu en ekki er metin dýrleiki á því.[135] Í nýrri jarðabók 1861 er Móberg metið á 14,6 hundruð en Móbergssel á 5,1 hundrað.[136] Árið 1705 var landskuld 2 hundruð, sem borgast í landaurum. Leigukúgildi 5 og eru greind í smjör heim til landdrottins. Kvikfé voru 5 kýr, kvíga, ær, 10 sauðir tvívetra og 36 veturgamlir, 40 löb, 5 hestar, 2 hross og 3 unghryssur. Afrétt átti jörðin á Eyvindarstaðaheiði fyrir toll en vegna vegalengdar og grasleysis var afrétt flutt á Víðidal í Reynistaðalandi. Landskuld af Vatnsskarði var 60 álnir og var greitt í landaurum til landsdrottins, leigukúgildi voru 2 og guldust í smjöri til Þingeyra.[137]

---

[125] Jarðabók VIII, 399.
[126] Jarðabók VIII, 399.
[127] Jarðatal á Íslandi 1847, 241.
[128] Sýslu- og sóknarlýsingar I, 110
[129] Jarðabók VIII, 401.
[130] Örnefnaskrá, 2.
[131] Örnefnaskrá, 5.
[132] http://manntal.is/
[133] http://manntal.is/
[134] Jarðabók VIII, 399.
[135] Jarðatal á Íslandi 1847, 242.
[136] Ný Jarðabók fyrir Ísland 1861, 91
[137] Jarðabók VIII, 399-400.

## *Fornleifaskráning*

**Móberg- 1**
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni Bylgju Angantýsdóttur ábúanda á Móbergi stóð gamli bærinn ofan við núverandi íbúðarhús og var fjós sambyggt. Síðar stóð steypt fjós þar sem gamli bærinn stóð áður. Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er bærinn austast í túninu og við hann matjurtagarður.
**Aðrar upplýsingar**
Í úttekt frá 1907 voru talin eftirfarandi hús: Baðstofa, búr, eldhús, skáli, bæjardyr, stofa, skemma og sambyggt fjós fyrir 5 nautgripi.[138]

**Móberg -2**
**Hlutverk:** Túngarður
**Heimild:** Garðlag
**Staðhættir**
Norðan og vestan við svokallað Kvíaból (sjá nr. 10-16) er garðlag, rúmlega 100m norðvestur af íbúðarhúsinu á Móbergi.
**Lýsing**
Garðlagið er gróið grasi, mosa og ljónslöpp en sér í grjóthleðslur á köflum. Það liggur sv/na, ofarlega í brekku og er um 30sm hátt og mest um 2m á breidd og 80m langt..

**Móberg -3**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er bærinn austast í túninu og við hann matjurtagarður. Garðurinn er nú horfinn en punktur var tekinn af loftmynd. Gera má ráð fyrir einhverri skekkju.

**Móberg -4**
**Hlutverk:** Tröð
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti má sjá að heimtröðin hefur legið frá bænum til norðvesturs ofan við Lambhúshólinn. Hún er nú ekki sýnileg lengur en augljóst að hún hefur legið upp á vegslóðann sem liggur á svonefndi Brekkubrún meðfram fjallinu ofan við bæinn. Heimildamaður segir að þar hefði gamli kerruvegurinn legið. Punktur var tekinn af loftmynd og gera má ráð fyrir einhverri skekkju.

---

[138] Úttektarbók Engihlíðarhrepps (1907), Móberg, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.



*Mynd 37. Lambhúshóll fyrir miðri mynd og fjárhús á Ærhúshól í baksýn.*

**Móberg -5**
**Sérheiti:** Lambhúshóll
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Tæplega 100m vestur af íbúðarhúsinu, utan bæjarlækjar er slétta og á henni Lambhúshóll. Þar voru áður lambhús sem sýnd eru á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar en síðar voru reist þar 200 kinda fjárhús og hlaða sem nú hafa verið rifin.
**Lýsing**
Lambhúsin voru þrístæð og heytóft við. Líklegt má telja að þar séu hús þau sem nefnd eru í úttekt frá 1907; Lambhús, Miðhús og Yztuhús.[139]

**Móberg -6**
**Sérheiti:** Lambhúshóll
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar virðist hafa verið matjurtagarður við suðausturhorn lambhúsanna. Hann er nú horfinn en punktur var tekinn af loftmynd og má gera ráð fyrir einhverri skekkju.

**Móberg -7**
**Sérheiti:** Ærhús
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Ærhúshóll er rétt rúmlega 200m vestur af íbúðarhúsinu á Móbergi og á honum stóðu Ærhús.
**Lýsing**
Það voru tvístæð fjárhús með hlöðu, líklega þau sem nefnd eru Syðri-Ærhús (tóku um 22 ær) og Ytra-Ærhús (tóku um 40 ær) og norðan undir þeim var einhölukofi, sem tók um 10 kindur.[140] Torfhúsin voru rifin um 1964-5.

**Móberg -8**
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Ærhúshóll er rétt rúmlega 200m vestur af íbúðarhúsinu á Móbergi og tæpa 40m suðvestur undan honum var hesthús.

[139] Úttektarbók Engihlíðarhrepps (1907), Móberg, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.
[140] Sama heimild.

**Lýsing**
Búið er að rífa húsin og ekkert sér eftir af þeim nema leifar grjóthleðslu í grassverðinum.
**Aðrar upplýsingar**
Húsin tóku 8 hross, voru tvídyruð og heytóft við þau.



*Mynd 38. Kofatóftin liggur upp undir brekkunni og sjá má í bárujárn sem notað hefur verið í þakið.*

**Móberg -9**
**Hlutverk:** Kofi
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 40m ofan við íbúðarhúsið, undir brattri brekku er kofatóft.
**Lýsing**
Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og eru veggir um 60sm að hæð. Hún er 1x2m að utanmáli og grasi gróin en sér í vegghleðslur. Þakið er fallið ofan í tóftina og man heimildamaður Bylgja Angantýsdóttir eftir því uppistandandi og var kofinn þá notaður sem kartöflugeymsla. Óvíst er hvort það hefur verið upprunalegt hlutverk hans.




**Móberg -10**
**Sérheiti:** Kvíaból
**Hlutverk:** Kvíar
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í brekkunni norðvestan íbúðarhúsið á Móbergi, er laut eða túnblettur sem nefnt er Kvíaból. Í örnefnaskrá segir „þar eru gömul tóftarbrot“.[141] Þar eru fjórar greinilegar tóftir, að minnsta kosti einar kvíar, rétt/nátthagi og tvennar aðrar tóftir. Auk þess sem hóll er suðaustast í lautinni og virðist hafa staðið á honum mannvirki sem nú er að mestu leyti horfið.
**Lýsing**
Kvíarnar eru neðstar/syðstar í gróinni lautinni. Tóftin er aflöng og liggur norður/suður og er grafin inn í brekkuna til norðurs. Utanmál tóftar er um 12x5m og hæð veggja er frá 20-60sm. Hlið er á tóftinni og snýr mót suðri.

**Móberg -11**
**Sérheiti:** Kvíaból
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Um 1m austan við kvíatóftina er garðlag.
**Lýsing**
Garðlagið er illgreinanlegt og gæti verið náttúruleg myndun. Það er grasi gróið, um 2m á lengd og 20sm hátt og virðist loka af smá hólfi undir brekkunni, einhverskonar aðhaldi.

[141] ÖS:3.

**Móberg -12**
**Sérheiti:** Kvíaból
**Hlutverk:** Rétt/Nátthagi
**Tegund:** Tóft
**Lýsing**
Nyrst og vestast í lautinni eru veggjahleðslur, líklega hefur verið þar rétt eða nátthagi. Tóftin er tvískipt, Hún er í allt 22x18m að utanmáli og hæð veggja er um 30-40sm. Stærra hólf er til ssv en minna hólf er áfast við na horn. Á báðum hólfum er hlið mót ssv. Tóftin liggur í halla, er grasi gróin en þó sér í grjót í útköntum veggja.
**Hættumat**
Tóftin er í hættu vegna þess að veggir eru lítið eitt rofnir og gætu minjunum stafað hætta af frekara rofi.

**Móberg -13**
**Sérheiti:** Kvíaból
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Lýsing**
Efst í Kvíabóli er aflöng tóft, grasi gróin. Hún er tvískipt og er stærra hólfið til suðurs en það minna til norðurs. Innan stærra hólfsins er veggjalag, hugsanlega leifar garða eða innveggjar, gæti einnig verið hrun úr vegg. Tóftin liggur nálega norður/suður og er um 11x7m að utanmáli, hæð veggja er um 20-40sm.
**Hættumat**
Girðing liggur þvert yfir tóftina og sker hana í sundur. Frekari skemmdir gætu orðið á tóftinni við girðingaframkvæmdir.

**Móberg -14**
**Sérheiti:** Kvíaból
**Hlutverk:** Útihús, kvíar?
**Tegund:** Tóft
**Lýsing**
Ofarlega í Kvíabóli er aflöng tóft sem liggur austur/vestur, þvert á tóftirnar sem eru umhverfis. Hlutverk er óþekkt en hugsanlega eru þetta tóftir kvía eða einhverskonar útihúss. Tóftin er 11x5m að utanmáli og hæð veggja um 20-40sm. Veggir eru grasi grónir jarðsokknir og á köflum ógreinilegir. Óljóst er hvar dyr eða hlið hafa verið en hugsanlegt er að það hafi verið á vesturvegg.

**Móberg -15**
**Sérheiti:** Kvíaból
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Hóll
**Lýsing**
Norðaustur af kvíunum (nr. 10) er hóll mest um 2m á hæð og 9x5m að utanmáli. Engin greinileg veggjalög sjást á hólnum nema ef vera skyldi austanvert á hólnum. Þó ber útlit hólsins þess merki að þar hafi verið einhvers konar mannvirki sem nú er horfið.

**Móberg -16**
**Hlutverk:** Óþekkt, útihús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 40m norðvestur af Kvíabóli, er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er aflöng, 8,5x3m að utanmáli og snýr norður/suður, hún er gróin og virðist fjórskipt, engar dyr eru greinanlegar.


*Mynd 39. Hóllinn er í túni fyrir miðri mynd. Horft er til suðvesturs.*

**Móberg -17**
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Skammt ofan við veginn að Skriðulandi, gamla þjóðveginn, er aflangur hóll sem liggur norður/suður. Engar tóftir sjást á hólnum en töluvert er af grjóti á honum. Umhverfis er sléttað tún.
**Aðrar upplýsingar**
Hesthúsvöllur; þar stóð áður hesthús, nú aflagt.[142]

**Móberg -18**
**Sérheiti:** Torfhóll
**Hlutverk:** Torfþurrkunarstaður
**Tegund:** Hóll
**Staðhættir**
Ofarlega á Hesthússléttunni, um 440m norðvestur af íbúðarhúsinu á Móbergi og um 380m austur af íbúðarhúsinu á Skriðulandi er hóll, aflangur og snýr norður/suður. Hann heitir Torfhóll og þar var torfið áður þurrkað. Nú er hann kallaður Einbúi og búið er að ryðja hluta hans í burtu.
**Aðrar upplýsingar**
Torfhóll; torfþurrkunarstaður.[143] Torfrista, stunga og reiðingsrista næg eða bjargleg 1705.[144]

[142] ÖS:4.
[143] ÖS:5
[144] Jarðabók 8. bindi, 400.



*Mynd 40. Hluti gamla vegarins þar sem hann liggur niður í Paradís. Horft er til norðausturs.*

**Móberg -19**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Slóð
**Staðhættir**
Ofan við Brekkubrún og Kvíaból liggur gamall vegur, kerruvegur samkvæmt heimildamanni, Bylgju Angantýsdóttur. Vegurinn er vel greinilegur á köflum og má rekja sig eftir honum á rúmlega 600m kafla eftir fjallinu frá austri til vesturs. Hafa ber í huga að aðeins hluti hans var mældur upp á vettvangi en restin af loftmynd þar sem hann sást greinilega.
**Aðrar upplýsingar**
„Ofan við Brekkubrún, Kvíaból og um Bergið lá gamall vegur eða eldri en sá sem ég hef nefnt og liggur hann norður af Berginu og niður á Hesthúsvöllinn og ofan í fallega laut þar, sem kölluð er Paradís.“[145]

**Móberg -20**
**Sérheiti:** Kjóavellir/Grund
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Heimild/Hóll
**Staðhættir**
Nákvæm lega býlisins er ekki þekkt en punktur var tekinn samkvæmt ábendingu heimildamanns Halldórs Einarssonar á lágum hávaða sem liggur upp undir girðingu um tæplega 280m norðaustur af íbúðarhúsinu á Skriðulandi.

---
[145] ÖS:5.

**Lýsing**
Þess ber að geta að nokkur skekkja getur verið á punktinum.
**Aðrar upplýsingar**
„Norðan við skurðinn, sem aðskilur Hesthúsvöllinn og sléttuna þar fyrir utan, heitir Kjóavellir. Þar var áður bær og sást fyrir túngarði og tóftarbrotum áður en þetta var sléttað.“[146]

**Móberg -21**
**Sérheiti:** Kjóavellir/Grund
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Túngarðurinn sést ekki lengur í sléttu túninu.
**Aðrar upplýsingar**
Kjóavellir; býli. Þar sáust tóftarbrot og túngarður áður en var sléttað.[147]




**Móberg -22**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í svonefndum Neðri-Stofum (í fjallinu ofan Skriðulands og Móbergs), grónum hvammi um 560m norður af íbúðarhúsinu á Móbergi eru tvennar tóftir.
**Lýsing**
Vestur undir hvammbrekkunni er stekkjartóft sem liggur norðvestur/suðaustur. Frá tóftinni liggur garðlag til vesturs að líkindum til að auðvelda innrekstur. Innangengt er í kvíar og rétt og snúa hlið mót norðvestri. Veggir eru um 20-50sm háir og er tóftin algróin.
**Aðrar upplýsingar**
Smalakofi; í Neðri-Stofum sjást tóftarbrot sem taldar eru vera af smalakofa[148] en hvorugar tóftirnar eru af smalakofa.

**Móberg -23**
**Hlutverk:** Óþekkt, sel?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í svonefndum Neðri-Stofum, grónum hvammi um 560m norður af íbúðarhúsinu á Móbergi eru tvennar tóftir.
**Lýsing**
Um 20m vestur af stekkjartóftinni (nr. 22) er þrískipt tóft sem liggur austur/vestur, 7x12m að utanmáli. Dyr/hlið eru á tóftinni og snúa mót norðri. Tóftin er illgreinanleg, veggir lágir 10-

---
146 ÖS:5,6.
147 ÖS:5,6.
148 ÖS:6.

50sm, grasi grónir en sér í grjót í veggjum til vesturs. Hlutverk er óþekkt en hugsanlegt er að þarna hafi verið sel.

**Móberg -24**
**Hlutverk:** Bænhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Ekki er vitað nákvæmlega hvar bænhúsið stóð en samkvæmt ábúendum á Móbergi var skemman norðarlega í bæjarröðinni og kirkjan hefur hugsanlega verið á þeim slóðum. Þarna er nú trjágarður og sléttan neðan hans heitir Kirkjudagsslátta. Svæðið var hnitsett þó ekki sé vitað um nákvæma staðsetningu.
**Hættumat**
Talið er að bænhúsið hafi staðið þar sem nú er trjágarður norðan við húsið, líkur eru taldar á að blóthellan liggi þar í jörðu. Minjunum getur stafað hætta af frekari trjárækt eða rótarkerfi þeirra trjáa sem fyrir eru.
**Aðrar upplýsingar**
Bænhús var á Móbergi og segir í jarðabók að það hafi verið aflagt fyrir 1705 og þá staðið þar skemma.[149]Aflagt fyrir 1705 og stóð þá þar skemma.

**Móberg -25**
**Hlutverk:** Átrúnaður
**Tegund:** Heimild
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni var svokölluð blóthella til á Móbergi fram undir miðja 20. öld sem nú er horfin í jörðu. Helga Aradóttir (f. 1913) sem fædd er og uppalin á Móbergi hafði séð helluna. Sonur hennar og ábúandi á Móbergi Halldór Einarsson hefur ekki séð helluna og að áliti hans mun hellan að líkindum liggja í trjágarðinum sem er vestan við íbúðarhúsið, ofan við sumarbústað sem þar stendur. Svæðið var hnitsett þó ekki sé vitað um nákvæma staðsetningu.

## Óskráðar og horfnar tóftir

**Móberg -26**
**Sérheiti:** Móbergskot
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í þætti um eyðibýli í Húnaþingi segir: „Móbergskot stóð uppi við hlíðina, sunnan við Hvammsá, og mun landskiki þessi nú tilheyra nýbýlinu Skriðulandi, sem byggt var úr landi Móbergs ekki alls fyrri löngu. Sagnir herma að kot þetta hafi tekið af í snjófljóði úr hlíðinni og þó án mannskaða.“[150] Ekki þekktu ábúendur til kotsins og ekki er vitað hvar það stóð.

**Móberg -27**
**Sérheiti:** Gerði
**Hlutverk**: Óþekkt.
**Tegund:** Heimild

[149] Jarðabók 8. bindi, 399.
[150] Húnaþing III, 289.

**Staðhættir**
Tóft var sunnarlega á sléttu þeirri sem kölluð var Eyri. Tóftin eða tóftarbrotið eins og það er nefnt í örnefnaskrá var kallað Gerði.[151]
**Lýsing**
Tóftin er nú horfin og samkvæmt Bylgju Angantýsdóttur var hún suður undir merkjum (Móbergs og Strjúgsstaða) þar sem vélarnar eru geymdar í dag (2009).

**Móberg -28**
**Hlutverk:** Mógrafir
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Mógrafir voru neðst í túni því sem nefnt er Hesthúsvöllur[152]. Engin ummerki sáust um mógrafirnar í sléttu túninu.

**Móberg -29**
**Sérheiti:** Gullkró
**Hlutverk**: Híbýli
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni Halldóri Einarssyni ábúanda á Móbergi var Gullkró neðan við bæinn á Skriðulandi, neðan gamla vegarins, nú komið undir tún og nákvæm staðsetning óþekkt.
**Aðrar upplýsingar**
Í þætti um eyðibýli í Húnaþingi segir eftirfarandi: „Gullkró var einnig í landi Skriðulands niður við Blöndu“ [153] Samkvæmt heimildamanni Halldóri Einarssyni var Blanda töluvert nær túnum áður en nýi vegurinn var lagður og rann hún þá að sama skapi nær býlinu.

**Móberg -30**
**Sérheiti:** Gamli-Stekkur
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Svokallaður Gamli stekkur er nefndur í örnefnaskrá. Tóftir hans eru nú komnar undir tún, neðan bæjar á Skriðulandi.
**Aðrar upplýsingar**
[...] „En nú er það kallað Gullkró og dregur nafn af litlu koti sem var þarna til forna og hét þessu nafni. Einnig var þarna tóftarbrot sem kallað var Gamli-Stekkur.“[154]

**Móberg -31**
**Sérheiti:** Selgil
**Hlutverk:** Sel?
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Selgil heitir í Hvammsskarði og bendir nafnið til þess að þar hafi verið haft í seli. Ábúendur á Móbergi höfðu ekki séð minjar sels á þessum slóðum og aldrei heyrt af slíku. Móbergssel er þekkt í Litla-Vatnsskarði. Ekki var leitað að seltóftum á þessum slóðum 2009.

---
[151] ÖS:3.
[152] ÖS:4.
[153] Húnaþing III, 289.
[154] ÖS, 2.

**Aðrar athugasemdir**
Örnefnaskrár geta þess að ekki sjáist tóftir í Selgili og ólíklegt að þar hafi verið sel „eins og þarna hagar til í kring, að minnsta kosti núna.“[155]

**Móberg -32**
**Sérheiti:** Kofahlíð
**Hlutverk:** Smalakofi
**Tegund:** Heimild
**Lýsing**
Samkvæmt örnefnaskrá heitir Kofahlíð, grasi gróin brekka í Hvammsskarði, þar munu vera smalakofatóftir.[156] Tóftirnar voru ekki skráðar á vettvangi 2009.
**Aðrar upplýsingar**
Kofahlíð; þar eru smalakofatóftir.

**Móberg -33**
**Sérheiti:** Móbergssel
**Hlutverk:** Sel
**Staðhættir**
Móbergssel er í Litla-Vatnsskarði og tilheyrir ekki lengur Móbergslandi. Það er því ekki skráð með í þessari skýrslu.

**Móberg -34**
**Hlutverk:** Landamerkjagarður
**Tegund:** Heimild
**Lýsing**
Getið er um landamerkjagarð í Votulág, garðlagið fannst ekki við vettvangsskráningu 2009 og gæti verið komið undir girðingu.
**Aðrar upplýsingar**
Í landamerkjalýsingu fyrir Móberg frá 1886 er getið um landamerkjagarð á austurmerkjum Móbergs, „er liggur neðantil í Votulág, [...]“[157]

---

[155] ÖSV:2
[156] (ÖS:8)
[157] Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1886), skjal nr. 45.

# Samantekt

Minjar voru skráðar á fjórum jörðum í Engihlíðarhreppi, Fremstagili, Geitaskarði, Holtastöðum og Móbergi. Fátt var um heillegar minjar frá elstu tíð en flestar minjarnar geta talist hefðbundnar landbúnaðarminjar frá 18.-20. öld . Bæjarhólar, kirkjugarðar og aðrar elstu leifar heima við bæi voru á flestum stöðum undir núverandi byggingum eða horfnar vegna túnsléttunar eða annarra framkvæmda. Þær minjar sem liggja utan túns eða langt frá bæ eru almennt best varðveittar enda hafa þær sloppið við seinni tíma túnasléttun og aðrar verklegar framkvæmdir. Af fornum hjáleigum og kotum voru flest þeirra komin undir tún nema á Buðlunganesi, Þorbrandsstöðum og Holtastaðakoti.

| Jörð | Heildarjöldi fornleifa* | Horfnar minjar** | Óstaðsettar minjar** | Horfnar/Óstaðsettar |
|---|---|---|---|---|
| **Fremstagil** | 33 | 9 | 7 | 48,5% |
| **Geitaskarð** | 78 | 10 | 11 | 27% |
| **Holtastaðir** | 45 | 17 | 4 | 47% |
| **Móberg** | 35 | 11 | 8 | 54% |
| **Samtals** | **191** | **47** | **30** | **40%** |

* Heildarfjöldi fornleifa eru allar fornleifar sem heimildir eru til um auk minja sem engar heimildir eru til um en fundist hafa á vettvangi.
**Horfnar minjar eru þær sem horfnar eru af yfirborði en staðsetning þeirra er þekkt.
***Óstaðsettar minjar eru þær sem heimildir eru til um en fundust ekki á vettvangi auk óskráðra minja.

## *Fornleifar í landi Fremstagils*

Alls voru 33 minjar skráðar á Fremstagili, úr heimildum og á vettvangi, þar af voru 9 horfnar og 7 óstaðsettar eða ekki skráðar.
Búið er að slétta yfir flestar minjar innan gamla túnsins, þó sést hluti túngarðsins (**nr. 9**) austast og efst í túni. Gamla tröðin (**nr. 3**) lá til norðurs frá bænum og út að læknum og sést hún enn nokkuð greinilega. Fjárhús sem stóðu nyrst og efst í túni sjást ekki lengur. Minjar hafa varðveist betur utan túns.Austan (ofan) þjóðvegar suður af bænum er stekkjartóft (**nr. 14**) í svonefndri Stekkjarlaut og suður við landamerki Fremstagils og Geitaskarðs eru mógrafir (**nr. 15**). Torfholt (**nr. 11**) og Torflág (**nr. 13**) eru vestar, nær þjóðveginum, engar fornleifar eru þar  sjáanlegar nema að hugsanlegt garðlag (**nr. 12**) austan við Torfholtið. Vestan eða neðan vegar eru tvennar stekkjartóftir (**nr. 16 og 17**), rétt norðan landamerkja Fremstagils og Geitaskarðs og við hornmerkin hjá Blöndu er stór steinn (**nr. 21**) og í hann klappaðir stafirnir LM. Á Blönduárbakka, skammt norðan landamerkjanna er steinlögn (**nr. 18**) og á hólunum norðaustar eru tvær vörður (**19-20**).

***Minjar í hættu:*** *minjar á Fremstagili eru almennt ekki í mikill hættu.*

## *Fornleifar í landi Geitaskarðs*

Alls voru 78 minjar skráðar upp úr heimildum eða á vettvangi í landi Geitaskarðs. Nokkuð er af minjum í og umhverfis tún á Geitaskarði. Heimatúnið var tvískipt í Norðurtún og Suðurtún. Í Norðurtúni sjást merki um beðasléttur (**nr. 20**) og við norður túnjaðarinn eru leifar túngarðsins (**nr. 14**) sem að hluta er kominn undir girðingu. Nyrst í túninu er lág dæld þar sem Gerðishúsin (**nr. 17**) stóðu og sunnar má sjá óljós ummerki eftir Syðrihús (**nr. 18),** þau er hringlaga tóft (**nr. 19**). Nyrst í Suðurtúni, ofan bæjar er stutt garðlag, áframhald af túngarðinum. Sunnan við bæjarlækinn er grunnur fjárhúsa sem kölluð voru Grindarhús (**nr.**

**10**). Norðan lækjar eru veggjaleifar fjárhúsa er nefndust Hólhús (**nr. 9**). Enn ofar er grjóthlaðin rétt (**nr. 11**) og sunnan hennar matjurtagarður (**nr. 12**) sem kallaður var Réttargarður. Aðrar minjar eru ekki greinilegar innan túns. Minjar sem voru neðan vegar, við Blöndu, eru horfnar vegna túnasléttunar. Rúmlega ½ kílómetra upp með bæjarlæknum, sunnanvert eru tóftir og geta heimildir þess að þar hafi verið býlið Fosskot og er þar kallað Stekkur. Minjunum svipar þó ekki til hefðbundinna minja sem finnast á bæjarstæðum. Þar er grjóthlaðin rétt (**nr. 22**), en norðvestan, norðan og norðaustan hennar eru öllu ógreinilegri tóftir og garðlög (**nr. 23-26**). Frá minjunum liggur gamli hreppavegurinn (**nr. 28**) yfir í Laxárdal og sést hún glöggt norðan tóftanna og má fylgja henni á Loftmynd yfir í Laxárdal. Við götuna, skammt austur af „Fosskoti" er hleðsla (**nr. 27**) sem nýlega hefur verið tekið grjót úr og hlaðin upp varða. Hleðslan virðist mun eldri. Norður af bænum, milli Þorbrandsstaða og Geitaskarðs eru mógrafir (**nr. 63**).

Norðan við bæinn á Geitaskarði eru leifar tveggja býla, ***Þorbrandsstaðir*** en þar var búið til 1913 og fornbýlið ***Buðlunganes*** þar sem líklega hefur ekki verið búið lengi fram yfir 1600. Bæði býlin eru nyrst í landi Geitaskarðs. Túngarður (**nr. 33**) er nánast hringinn í kringum Þorbrandsstaði. Bæjartóftin (**nr. 29**) er óljós og eru leifar bæjarins sokknar í mikinn gróður og eins er um allar minjar innan og utan túns. Tóft fjóss og hesthúss (**nr. 30**) er norðaustan bæjarstæðisins og norðar í túninu, á Húsaflöt, eru nokkuð umfangsmiklar fjárhústóftir (**nr. 31**) og vestan þeirra tóft (**nr. 37**), minni og fremur ógreinileg. Norðan fjárhúsanna er garðlag (**nr. 34**), hugsanlega eldri eða yngri hluti túngarðs og er túngarðurinn tvöfaldur á þeim stað. Milli garðlaganna er hóll (**nr. 36**) sem ber þess merki að á honum hafi staðið einhver mannvirki en engin veggjalög eru þó sjáanleg. Við túngarðinn að sunnanverðu er tóft (**nr. 38**). Neðan við bæjarhólinn er garðlag (**nr. 35**) í framhaldi af túngarðinum sem virðist þó vera töluvert eldra og nær niður fyrir túnið. Hugsanlegt er að þetta sé landamerkjagarður. Utan túns eru tvennar tóftir, skammt sunnan bæjarhólsins er tóft sem virðist geta verið þrístæð fjárhús með hlöðu (**nr. 32**). Neðar meðfram eldri garðinum (landamerkjagarðinum?) er ferhyrnd tóft (**nr. 41**), hlutverk er óþekkt en þarna gæti hafa verið rétt. Neðan Þorbrandsstaða (suðvestan), nær þjóðveginum eru mógrafir (**nr. 42**) og við þær tóft (**nr. 40**), að líkindum mótóft.

Töluvert er af minjum á fornbýlinu ***Buðlunganesi*** sem er vestan (neðan) þjóðvegar. Minjarnar liggja framarlega á nesinu, nokkurn veginn meðfram því öllu, nema syðst þar sem nesið er komið undir tún. Túngarðurinn (**nr. 46**) er greinilegur á kafla mót norðvestri og ógreinilegra framhald virðist til austurs en að öðru leyti er hann horfinn, og gæti hann verið kominn undir tún sem er austan tóftanna. Innan túngarðsins eru þrennar tóftir. Nyrst er aflöng tóft (**nr. 45**), jarðsokkin, en austan eru tvennar tóftir, sú syðri (**nr. 43**) umfangsmeiri og gæti verið bæjartóftin. Norðan hennar er tóft (**nr. 44**) sem heldur líkist gripahúsi. Alveg við túngarðinn að innanverðu er niðurgröftur (**nr. 48**) sem virðist manngerður en hlutverk er óþekkt. Austan býlisins og til norðurs liggur greinileg gata (**nr. 47**), rudd á kafla. Hefur þetta líklega verið gamla leiðin um sveitina en hún lá á köflum meðfram Blöndu m.a. á Buðlunganesi. Í hólunum austan við túngarðinn og tóftirnar við hann eru nokkrar tóftir ásamt merkjum um svarðartekju. Vestast er niðurgröftur (**nr. 55**) að líkindum mógröf eða torftökustaður. Þar vestan við eru þrennar tóftir í hnapp, sú vestasta (**nr. 50**) jarðsokkin en hinar tvær greinilegri, önnur hugsanlega stekkur eða eitthvert gripahús (**nr. 51-52**). Sunnar, við norður túnjaðarinn er tóft (**nr. 49**) sem stendur á hól, hlutverk óvíst. Þar austan við er annar niðurgröftur (**nr. 53**) og við vesturenda hans er hlaðið garðlag, eins og stífla. Þar austan við er þúst (**nr. 54**), en hlutverk er óvíst. Norðar á nesinu, milli býlisins og merkjanna við Fremstagil eru 5 grjóthleðslur eða steinlagnir (**nr. 56-60**) sem allar virðast manngerðar. Dæld sem virðist vera eftir tóft (**nr. 61**) er í sléttu túni á Buðlunganesi.

***Minjar í hættu:*** *Girðing liggur á túngarðinum að hluta og getur skapast hætta vegna girðingaframkvæmda. Hólhús sem standa við bæjarlækinn eru í frekari hættu vegna landbrots en þar hefur þegar brotið úr tóftinni. Hleðsla við götuna upp í Skarðsskarð er í hættu þar sem henni hefur þegar verið raskað.Túngarður á Buðlunganesi er í hættu vegna nálægðar við vatnsfall en ekki telst líklegt að aðrar minjar á nesinu séu í hættu. Á Þorbrandsstöðum er þegar hafin skógrækt og vert er að benda eigendum sérstaklega á það að ekki má planta nærri fornleifum. Að öðru leyti eru minjar í landi Geitaskarðs ekki í hættu nema farið verði í framkvæmdir þar sem minjar er að finna.*

## *Fornleifar í landi Holtastaða*

Alls voru 45 minjar skráðar upp úr heimildum og á vettvangi á Holtastöðum, þar af voru 17 horfnar og 4 óstaðsettar eða óskráðar. Búið er að rífa gamla bæinn og hann horfinn en enn sjást nokkrar grafir í gamla kirkjugarðinum (**nr. 2**) í trjágarðinum við íbúðarhúsið. Upp með bæjargilinu eru rétt (**nr. 40**) og matjurtagarður (**nr. 15)**, sunnan lækjar en norðan hans Ullarhóll (**nr. 20)**. Í túninu sjást dældir fjárhúss (**nr. 14)** og hesthúss (**nr. 13)** og hóll (**nr. 18)** er í túninu og bendir útlit hans til að þar hafi staðið mannvirki sem nú hefur nánast verið sléttað út. Ofan (norðaustan) bæjar er Kvíalaut og í henni kvíar (**nr. 21)**. Utan gamla túnsins, norðvestan við bæinn eru bæjarleifar Holtastaðakots. Garður (**nr. 28)** liggur að hluta utan um kotið og nær alveg að mógröfum (**nr. 35)** sem eru við landamerkin milli Holtastaða (áður Holtastaðakots) og Geitaskarðs. Þar eru einnig leifar landamerkjagarðs (**nr. 41)** Lítið sér eftir af bæjartóftinni (**nr. 26**) og fjárhústóft sem stóð á Hring er horfin en þar er hóll (**nr. 30**) þar sem þau gætu hafa staðið. Norðan við hólinn er garðlag(**nr. 31**), hugsanlega leifar túngarðs. Á Járnhaus eru tóftir fjárhúsa (**nr. 29**),. Nokkuð norður af bæjarstæðinu eru leifar fjárhústóftar (**nr. 32**) en þar munu hafa staðið hús fram undir 1950. Norðvestur af Holtastaðakoti eru hólar og bendir útlit þeirra til að á þeim hafi staðið mannvirki af einhverju tagi (**nr. 36, 38-39**), þar er einnig veggjabrot, hugsanlega leifar matjurtagarðs (**nr. 37**). Svæðið þarna er gróið og erfitt að átta sig á hvort veggir leynist í gróðrinum. Í brekkunni ofan bæjar, tæpa 600m norðaustur af bænum eru Geldsauðatóftir (**nr. 22-25**). Tóftirnar eru nokkuð umfangsmiklar og liggur garðlag umhverfis þær. Miðað við stærð er ekki líklegt að þarna hafi verið býli en hugsanlega hefur verið þarna sel og jafnvel beitarhús síðar.

***Minjar í hættu:*** *Tóft á Geldhúsatóftum stafar hætta af rofi þar sem girðing liggur þvert yfir tóftina og er hún þegar rofin þess vegna. Gamla kirkjugarðinum og jafnframt kirkjunni ef hún finnst undir yfirborði stafar hætta af framkvæmdum og jarðrækt og þess má geta að trjárætur geta skemmt fornleifar. Að öðru leyti má almennt segja að minjar á Holtastöðum séu ekki í hættu nema farið verði í framkvæmdir þar sem minjar er að finna.*

## *Fornleifar í landi Móbergs*

Alls voru skráðar úr heimildum og á vettvangi 35 minjar í landi Móbergs og Skriðulands. Þar af voru 11 horfnar og 8 óstaðsettar eða óskráðar. Gamli bærinn er fyrir löngu rifinn og eins eru horfin fjárhúsin á Lambhús- og Ærhúshól. Í suðvesturhorni gamla túnsins, neðan (suðvestan) við Ærhúshólinn sér í sverðinum í grjóthleðslu úr grunni hesthúss (**nr. 8**) sem þar stóð. Aðrar minjar innan gamla túnsins eru ofan bæjar. Upp við brekkuna ofan (norðan) við bæinn er kofatóft (**nr. 9**), hlaðin úr torfi og grjóti sem gegndi síðast hlutverki kartöflugeymslu. Ofar er laut sem kölluð er Kvíalaut og í henni nokkrar minjar. Neðst eru kvíar (**nr. 10**) og austan þeirra veggjalag (**nr. 11**). Þar norðaustan við er hóll (**nr. 15**) og bendir útlit hans til að þar hafi staðið mannvirki af einhverju tagi. Jarðsokkin tóft (**nr. 14**) er

ofan við hólinn og snýr þvert á aðrar tóftir í lautinni. Vestan hennar er tvískipt rétt (**nr. 12**) og þar vestan við brot af túngarðinum (**nr. 2**). Efst í Kvíalaut er tvískipt tóft (**nr. 13**), líklega leifar gripahúss og er hún skorin þvert af girðingu. Ofan brekkunnar er greinileg gata (**nr. 19**) sem liggur austur/vestur ofan við túnin á Móbergi, er þetta gamli kerruvegurinn. Í túni vestan við bæinn eru leifar Torfhóls sem nú kallast Einbúi (18). Gullkró og Kjóavellir/Grund (**nr. 20**) voru býli í landi Móbergs, nú í Skriðulandi, bæði býlin eru komin undir tún. Í fjallinu ofan við Móberg heita Stofur, í Neðri-Stofum er stekkjartóft (**nr. 22**) og vestan hennar þrískipt tóft (**nr. 23**) öllu ógreinlegri.

